

**A.**

**VIÐBÆTIR.**

**Konungleg auglýsing til alþingis  
1863, lagaboð og stjórnarúrskurðir,  
snertandi afdrif alþingismála 1861.**



# SECRET

CONFIDENTIAL

SECRET

I.

# Konungleg auglýsing

til alþingis

um

árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum  
á fundinum 1861.

---

VÉR FRÍÐRIK HINN SJÖUNDI, af guðs náð Danmerkur  
konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holsetalandi  
Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, sendum Voru  
trúa alþingi á Voru landi Íslandi kveðju guðs og vora!

Af því, sem gjörzt hefir á alþingi árið 1861, höfum Vèr sæð  
með allrahæstri ánægju, hvernig alþingismenn Vorir hafa leitast við  
að efla Vort gagn og hag landsins.

Vèr höfum vandlega látið íhuga tillögur Vors trúa alþingis um  
mál þau, er sljórnin bar undir álit þess árið 1861, og aðrar upp-  
ástungur þingins, og munum Vèr nú skýra hér í einu lagi frá,  
hvað í þeim eignum hefir verið afráðið.

I.

Um þegnleg álitismál, sem komin eru frá alþingi.

Þessar réttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem Vèr  
höfum fengið um þegnlegar tillögur Vors trúa alþingis:

1. Reglugjörð 29. ágústm. 1862 um að gjöra verzlunarstaðinn Ak-  
ureyri að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar.
2. Opið bréf s. d., er lögleiðir á Íslandi lög 21. janúarmánaðar  
1857 um hegning fyrir illa meðferð á skepnum.
3. Opið bréf 19. janúarm. 1863 um löggilding þriggja verzlunar-  
staða á Íslandi.

4. Tiiskipun 26. maím. 1863, um lausamenn og húsmenn á Íslandi.

Þegar lagaboð þessi hafa verið samin, hafa verið vandlega íhugaðar athugasemdir þær, er alþingi hefir gjört um þau, og hefir sumum þeirra eptir því verið breytt í ýmsu og ýmislegt verið nákvæmar ákveðið.

Enn fremur höfum Vèr allramildilegast fallizt á þegnlega uppástungu alþingis um, að spítalahlutirnir á Vestmanna-eyjum í suðurumdæminu á Íslandi, bæði af fugli og fiski, skuli frá 1. degi janúarmánaðar 1865 renna inn í sjóð þann, er stofnaður var með konungsúrskurði 12. ágústmánaðar 1848 til umbóta á læknaskipuninni á Íslandi, þó svo, að frá sama tíma verði fyrst um sinn úr tæðum sjóði greiddir 30 rd. á ári, til launa handa yfirsetukonum á eyjum þessum, og skal að öðru leyti um þetta efni skýrskotað til opins bréfs frá dómsmálastjórninni 24. dag marzm. þ. á.

Um lagafrumvarp það viðvíkjandi sendingum með póstum á Íslandi, er alþingi hefir látið í ljósi um þegnlegt álit sitt, skal þess getið, að réttast hefir þótt, að samdar væru, áður en lagaboð þetta kæmi út, þær ákvarðanir, sem þörf er á, bæði um pósthferðir milli Danmerkur og Íslands, og svo um pósthgöngur á Íslandi sjálfu. Það hefir því verið falið á hendur tveim embættismönnum, er annar heyrir undir dómsmálastjórnina, en hinn undir pósthstjórnina, að starfa að þessu í sameining, en þeir hafa eigi enn lokið starfa sínum.

Að vísu hafa tölögur alþingis um frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, í mörgum merkilegum atriðum orðið til greina teknar, en aptur eru önnur mikilsverð atriði í lagafrumvarpi því, sem þingið hefir til búið, sem öðruvísi er ástatt um, og með því enn fremur hefir verið nauðsynlegt, að gjöra verulegar breytingar á fyrirkomulaginu á ýmsum af þeim ákvörðunum, sem þingið hefir stungið upp á, hefir þótt réttast að semja nýtt frumvarp eptir þessu og leggja það svo fyrir alþingi. Virtist því fremur vera ástæða til að við hafa þessa aðferð, sem nú mun verða lagt fyrir alþingi, samkvæmt ósk þess, frumvarp viðvíkjandi því, að koma á sérstaklegum sáttatilraunum m. m. í hjúamálum, en það eigi gat álitizt hagfellt, að láta ný hjúalög fá lagagildi, fyrri en alþingi væri búið að hafa fyrrgreint lagafrumvarp til meðferðar.

Með því Vèr höfum ekki getað fallizt á breytingar þær, er alþingi hefir stungið upp á, að gjörðar væru við frumvarp það, er

lagt var fyrir þingið, til opins bréfs um breyting á tilskipun 18. febrúarm. 1847, og með því þær breytingar hafa síðar á orðið, að nauðsynlegt er, að það fyrirkomulag á málinu, sem fyrrum var stungið upp á, verði töluvert öðruvísi en til var ætlaðt, þá verður nýtt frumvarp um þetta efni lagt fyrir alþingi það, er nú fer í hönd.

## II.

Um þegnlegar bænarskrár Vors trúa alþingis, birtum vèr þinginu allramildilegast á þessa leið :

1. Vèr höfum allramildilegast veitt áheyrslu þegnlegri bænarskrá alþingis um, að veitt yrði haustið 1861 úr hinum íslenska kollektusjóð 7,000 ríkisdala lán til að kaupa kornvöru fyrir handa bágstöddustu sveitunum í Borgarfjarðarsýslu og í Kjósar og Gullbringusýslu.

2. Í bænarskrá, er komið hefir frá alþingi um fjárkláðann á Íslandi, var meðal annars beðið um, að amtmanninum í suðurumumdæminu yrði veitt fullt vald, til að framfylgja nokkrum bráðabyrgðarráðstöfunum, er þingið hafði samþykkt viðvikjandi fjárkláðamálinu; að honum yrðu veitt umráð yfir nokkru fè til framkvæmdar þessum ráðstöfunum, og að embættismanni þessum yrði falið á hendar, að þröngva svið sýkinnar sem framast mætti verða. Einnig hefir frá konungsfulltrúa komið, ágreiningsálit minni hlutans í máli þessu á alþingi, og er í því farið fram á, að skipuð verði föst nefnd á Íslandi, til að hafa eptirlit með algjörlegri útrýming fjárkláðans, samt öðrum fjársjúkdómum og fjárrektinni yfir höfuð, og að veittir verði 5,000 rd. á ári hverju til þessa augnamiðs.

En eigi hefir virzt vera ástæða til að fallast á uppástungur þessar, og það því síður sem sjá má af embættisskýrslum þeim, er stjórnin stöðugt hefir meðtekið um fjárkláðann, að sýkin að eins er á fáeinum stöðum og með vægu móti.

Þar sem alþingi enn fremur hefir beðið um, að amtmanninum í suðurumumdæminu í sameining með hinum amtmönnum yrði gjört að skyldu, að halda öruggan vörð á því, að engar fjársamgöngur eigi sèr stað millum grunaðra og heilbrigðra héraða, meðan kláðasýkinni er ekki með öllu útrýmt, þá hafa hlutaðeigandi embættismönnum verið sendar þær fyrirskipanir, sem þörf er á í þessu efni; að öðru leyti er það vitaskuld, að stjórnin framvegis mun láta sèr annt-um, að sjá fyrir því, að haft verði vakanda auga

á sýkinni, að gjörðar verði hinar hagfelldustu ráðstafanir til þess henni verði útrýmt með öllu.

Út af bæn alþingis um, að út kæmi fyrir Ísland lagaboð um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi, þá mun verða lagt fyrir alþingi, það er nú fer í hönd, frumvarp um þetta efni.

Út af umkvörtun þeirri, er kom frá minni hlutanum í máli þessu á alþingi, yfir því, að þingið hefði neitað að taka við ágreiningsálitum hans, því sem fyrr er á minnzt, og fá konungsfulltrúa það til að senda stjórninni, skal þess loks getið, að minni hlutinn má virðast hafa haft rætt til, að skýrt væri frá ágreiningsálitum hans í bænarskrá alþingis, samkvæmt 61. grein í tilsk. 8. marzm. 1843 um stiptun sérlegrar ráðgefandi samkomu fyrir Ísland.

3. Út af þegnlegri bænarskrá alþingis um, að síðasta málsgrein í 43. grein nefndrar tilskipunar verði af tekin, höfum Vær allra-mildilegast leyft, að sleppa mætti árið 1861 og framvegis að senda stjórninni, svo sem boðið er í þessari lagagrein, danska þýðing af þingbók alþingis, en dómsmálastjórnin skyldi annast um, að þýðing þessi yrði hér til búin, og skyldi það, sem til þess gengur, endurgoldið rikissjóðnum með öðrum alþingiskostnaði.

4. Út af þegnlegri bænarskrá alþingis um ráðstafanir til að ráða bót á læknskorti þeim, sem er á Íslandi, höfum Vjer allra-mildilegast leyft:

- a, að fyrst um sinn megi á ári hverju verja 600 ríkisdöllum úr hinum íslenska lækna sjóði, til kennslu í læknisfræði hjá landlækni í Reykjavík, fyrir þá menn, sem útskrifaðir eru úr hinum lærða skóla í Reykjavík;
- b, að dómsmálastjórninni skuli á hendur falið, eptir að hafa fengið um það efni álit heilbrigðisráðsins, að ákveða nákvæmar, hversu yfirgripsmikil kennsla sú skuli vera, sem hlutaðeigendur eiga að fá hjá landlækni;
- c, að haldið skuli opinbert próf yfir þeim, er notið hafa kennslu þessarar, og skuli dómsmálastjórninni á hendur falið að skipa fyrir um prófið, eptir að hún er búin að semja um það efni við kirkju- og kennslustjórnina, og
- d, að þeir, sem staðizt hafa próf þetta, skuli hafa lækningaleyfi á Íslandi, og geta orðið þar héraðslæknar.

Þar sem alþingi einnig hefir farið fram á, að lagt verði fyrir næsta þing frumvarp til reglugjörðar um betri tilhögun á tekjum spítalanna á Íslandi, þá skal þess getið, að stjórnin hefir lengi verið

að skrifast á um þetta við hlutaðeigandi embættismenn á Íslandi, án þess menn enn hafi komizt að þeirri niðurstöðu, sem ákjósanleg megi þykja. En nú hefir dómsmálastjórnin gjört nýja atreið til þess, að málefni þetta geti komizt í betra horf.

5. Það er ósk Vor að láta að þegnlegri bæn alþingis um stofnun kennsluskóla handa lögfræðinga-eftum á Íslandi svo framarlega sem fengizt getur fê það, er til þess þarf. En málefni þetta, sem dómsmálastjórnin og kirkju- og kennslustjórnin nú eru að bera sig saman um, er ekki enn svo langt á veg komið, að það hafi orðið lagt fyrir Oss til síðasta úrskurðar.

6. Út af þegnlegri bænarskrá alþingis um endurbætur á hinum lærða skóla í Reykjavík, hefir verið skipuð nefnd manna á Íslandi, til að ihuga málefni þetta. Að vísu lauk nefndin starfa sínum á síðstliðnu hausti, en með því álit umsjónarmanna skólans er nýlega komið stjórninni til handa, hefir meðferð málsins eigi orðið lokið á þeim stutta tíma, sem síðan er liðinn. En því mun verða flýtt svo sem unnt er, að fá málefni þetta til lykta leitt.

7. Með tilliti til þess, að alþingi í þegnlegri bænarskrá hefir beðið um, að í byrjun aprilmánaðar ár hvert verði send til Íslands næg herskip, er skuli vera við landið þangað til í öndverðum septembermánuði, til þess að halda vörð á, að útlendar þjódir fiski ekki innan hinna lögákveðnu takmarka, þá skal skýrskotað til heitis þess, sem þessu viðvikjandi er gefið í konunglegri auglýsing til alþingis 1. júním. 1861. II., í niðurlagi 1. töluliðs. Þar sem alþingi enn fremur hefir beðið um, að svo framarlega sem þörf þætti á, að breyta hinum gildandi lögum um fiskiveiðar útlendra undir ströndum Íslands, verði lagt fyrir alþingi það, er nú fer í hönd, frumvarp til laga um þetta mál, og að sem allrafyrst verði gjörður samningur um það við útlendar stjórnir, einkum keisarastjórnina á Frakklandi, þá hafa þessi bænaratríði ekki orðið til greina tekin af þeim ástæðum, sem fulltrúi Vor mun skýra þinginu frá; þar á móti hafa hinir konunglegu sendiboðar í París og Lundúnum, verið látnir á ný skora á keisarastjórnina á Frakklandi og konungsstjórnina á Bretlandi hinu mikla um það, að bannað verði frakkneskum og enskum þegnum, þeim er stunda fiskiveiðar við Ísland, að fiska nær ströndunum, en eina almenna sjávarmilu undan landi, og að fara inn á firði og flóa, til að fiska, jafnvel þó þeir þá sæu eina milu undan landi. Loks skal því við bætt, að eins og nú er ástatt, verður ekki séð ráð til að verða við þeirri ósk alþingis, sem borin er fram í

bænarsskrá þeirri, sem hér er um rætt, að þeim, er vilja koma á þiljuskipaveiðum á Íslandi, verði veitt lán til þessa úr ríkissjóðnum.

8. Viðvíkjandi þegnlegri bænarsskrá alþingis um löggilding verzlunarstaða við Papafjarðarós í Austur-Skaptafellssýslu og Straumfjörð í Mýrasýslu, skal skýrskotað til opins bréfs 19. janúarm. þ. á. sem getið er hér að ofan í 1. flokki 3. tölulið. Þar sem enn fremur var farið fram á í hinni sömu bænarsskrá, að fastakaupmönnum verði leyft að verzla af skipi á Lambhússundi í Borgarfjarðarsýslu, þá höfum Vær ekki fundið næga ástæðu til, að taka þetta bænaratriði til greina, og mun fulltrúi Vor skýra alþingi frá, hvað til þess ber.

9. Viðvíkjandi því, að alþingi í þegnlegri bænarsskrá hefir beðið um, að svo fljótt sem audið er, verði kvatt til þjóðfundar á Íslandi og lagt fyrir hann frumvarp til laga um stöðu landsins í ríkinu, þá skal þess getið, að málefnið um stjórnarhagi Íslands, er svo náteengt málefninu um fjárhag landsins, að ekki getur orðið gjört út um hið fyrra málefnið án sambands við hið síðara; en fjárhagsmálið er nú í undirbúningi, er það hefir verið rætt í nefnd, er Vær skipuðum með allrahæstu erindisbréfi Voru 20. septembermánaðar 1861, til að íhuga málefni þetta og láta í ljósi álit sitt og uppástungur um, hvernig því yrði skipað. Nefndarmenn, er komust að ólíkri niðurstöðu um ýms merkileg atriði málsins, hafa þegar í fyrra lokið starfa sínum, og eru nú dómsmálastjórnin og fjárstjórnin að bera sig saman um málið, en meðferð þess er enn ekki svo langt á leið komin, að það verði lagt fyrir alþingi á fundi þingsins, þeim er nú fer í hönd.

10. Af þeim ástæðum, er fulltrúi Vor mun verða látinn birta alþingi, hefir Oss ekki þótt ástæða til að fallast á þegnlega bæn þingsins um að breytt verði lögunum frá 15. apríl. 1854 þannig, að Seyðisfjörður verði aðalverzlunarstaður í norður- og austurumdæminu í staðinn fyrir Eskifjörð.

11. og 12. Um tvær þegnlegar bænarsskrár, er komu frá alþingi, um launabót embættismanna á Íslandi, þeirra er laun sín fá úr ríkissjóðnum yfirhöfuð, og um launabót handa amtmanninum í norður- og austurumdæminu sèr í lagi, skal skýrskotað til laga, er út komu 19. janúarm. þ. á. um launabót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi.

13. Þegnlegri bænarsskrá alþingis um, að numið verði úr lögum opið bréf 1. apríl. 1861, um það hvernig endurgjalda skuli



kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi og til bráða-  
byrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands, hefir eigi  
orðið áheyrsla veitt, og mun fulltrúi Vor skýra alþingi gjör frá  
þeim ástæðum, er hafa ráðið úrslitum málsins.

14. Eptir beiðni alþingis í þegnlegri bænarskrá þingsins hefir  
áðurgreind nefnd, er skipuð var til að segja álit sitt um fjárhags-  
sambandið milli Íslands og konungsríkisins, haft til meðferðar mál-  
efnið um hinn svonefnda íslenzka kollektusjóð, og mun því máli  
verða beint áfram í sambandi við fjárhagsmálið.

15. Alþingi hefir í þegnlegri bænarskrá farið þess á leit, að  
lagafrumvarp nokkurt, er þingið hafði samið, um rafsegulþráð  
þann, er Tal. P. Shaffner hefir áformað að leggja, verði gjört að  
lögum.

En þar eð ætla má eptir skýrslum þeim, sem fyrir hendi eru,  
að það sè næsta óvist, hvort áform þetta verði framkvæmt, hefir  
eigi þótt ástæða til að láta nú sem stendur koma út lagaboð um  
þetta efni fyrir Ísland.

16. Eptir að fengið hefir verið álit hlutaðeigandi embættis-  
manna á Íslandi, um bænarskrá alþingis viðvíkjandi breyting á þeim  
tíma, er haldin eru manntalsþing í Ísafjarðar og Barðastrandarsýslu,  
höfum Vèr allramildilegast fallizt á, að fresta megi, samkvæmt uppá-  
stungu alþingis, manntalsþingum í sýslum þessum þangað til í júní-  
eður júlímánuði.

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim  
er nú hefir verið getið, höfum Vèr sent yður þessa auglýsing  
Vora, og heitum Voru trúa alþingi hylli Vorri og konunglegri náð.

*Gefið í höll Vorri Kristjánsborg, 8. d. júním. 1863.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Friðrik R.**

## II.

**Bréf** dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán af kollektusjóðnum sökum dýrtíðar, dagsett 12. september 1861.

Með hinu síðasta póstskipi fekk dómsmálastjórnin bænarskrá alþingis 30. júlím. þ. á.; í henni hefir þingið í einu hljóði farið þess á leit, að veitt yrði á yfirstandandi sumri peningalán, að minnsta kosti 7000 rd., úr hinum svonefnda íslenska kollektusjóði, til að kaupa kornvöru fyrir handa bágstöðdustu sveitunum í Borgarfjarðarsýslu og Kjósar- og Gullbringusýslum, á þann hátt, að lán þetta verði endurgoldið með 1000 ríkisdöllum á ári, og að af því verði goldnir 4 af hundraði í vöxtu, þangað til húið er að borga það aptur að fullu.

Eptir því sem lýst er í bænarskránni, hvernig ástatt sé í sýslum þessum og eptir því, sem þér, herra stiptamtmaður, hafið tilgreint í álitaskjali því er þér, sem konungsfulltrúi á alþingi, rituðuð 10, dag f. m., hefir dómsmálastjórninni, í von um samþykki konungs, þótt hlýða, að veita yður með bréfi þessu vald til að láta borga til yðar til bráðabyrgða úr jarðabókarsjóði Íslands fé, er eigi nemi meiru en 7000 rd., til þess að verja því í því augnamiði, sem að ofan er ávikið, og að öðru leyti með þeim kjörum, er alþingi hefir stungið upp á, en það er á þann hátt, að  $\frac{1}{7}$  af láni þessu verði endurgoldin á ári hveriu, og að það að eins verði veitt hreppunum í sýslum þessum, en ekki einstökum mönnum, að svo miklu leyti sem þeir eigi mynda sveitarfélag.

Þar eð endurgjalda á ríkissjóðnum af hinum íslenska styrktarsjóði fé það, er þér neyðist til að taka úr jarðabókarsjóðnum í þessum tilgangi, þá skorar dómsmálastjórnin á yður að senda hingað, svo skjótt sem unnt er, og í síðasta lagi fyrir lok þessa fjárhagsárs, skýrslu um, hve miklu fé hafi eytt verið, svo stjórnarráðið geti gjört þær ráðstafnir, er með þarf, til þess fêð verði endurgoldið ríkissjóðnum. Annars vonar dómsmálastjórnin eptir, að þér ekki notið leyfi það, er nú hefir verið veitt, nema brýna nauðsyn beri til þess, og skorar á yður að senda, þegar þar að kemur, nákvæma skýrslu um, hvernig ástatt sé í sýslum þessum, og um þær ráðstafanir, er þér hafið gjört í þessu máli.

## III.

**Umboðsskrá** handa Tscherning ofursta, Oddgeiri Stephensen, etazráði og stjórnardeildarforingja, Bierring prófessor, Nützhorn kanseliráði og skrifstofuforstjóra, og Jóni Sigurðssyni skjalaverði, um að þeir gangi í nefnd til að segja álit sitt og gjöra uppástungur um fjárhagssambandið milli Íslands og konungsríkisins.

Friðrik hinn sjöundi o. s. frv.:

Vita skuluð þér, Vor elskulegi herra Anton Friðrik Tscherning, ofursti, riddari dannebrogssorðunnar, Vor elskulegi herra Oddgeir Stephensen stjórnardeildarforingi, Vort etazráð, riddari dannebrogssorðunnar, Vor elskulegi herra Vilhelm Jakob Bierring, prófessor, riddari dannebrogssorðunnar, Vor elskulegi Karl Luðvig Vilhelm Römer Nützhorn, skrifstofustjóri og stjórnardeildarskrifari í innanríkisstjórninni, Vort kanseliráð, og herra Jón Sigurðsson, skjalavörður, riddari dannebrogssorðunnar, að með sérstaklegu tilliti til, sumpart að fjárhagsnefnd fólksþingsins optar en einu sinni hefir látið í ljósi þá ósk, að fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins verði skipað á hagkvæmari og tryggilegri hátt en nú er, og einkum á þann hátt, að alþingi geti öðlazzt ályktarvald um tekjur og gjöld Íslands, jafnvel þó nauðsyn kynni verða að greiða af fê konungsríkisins um vissa áratölu fast ákveðið tillag, sumpart, að áþekk ósk hefir fram komið af hálfu alþingis, er þingið í þegnlegri bænarskrá 14. ágústmánaðar 1857 hefir beðið um, að alþingi verði allramildilegast veitt ályktandi vald, hvað tekju- og útgjalda-áætlun Íslands snertir, en að úr ríkissjóði verði greitt til landsins ákveðið árlegt tillag um tiltekna áratölu, þá hefir Oss allramildilegast litizt að skipa nefnd manna, er hafi það ætlunarverk á hendi, að segja álit sitt og gjöra uppástungur um fyrirkomulag á fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins fyrir fullt og allt.

Það er því allramildilegastur vilji Vor og skipun, að þér hagið yður þannig, að þér í þessum tilgangi gangið í nefnd, og felum Vör þér Tscherning, allramildilegast á hendur að vera formaður í

henni; eigi þér að senda dómsmálastjórn Vorri álitsskjal yðar og uppástungur.

Eptir þessu eigið þér yður þegnlega að hegða. Felandi yður guði!

Skrifað í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 20. dag septembermánaðar 1861.

Undir Voru konunglega innsigli.

(L. S.)

Eptir allramildilegustu boði hans hátignar konungsins.

*Casse.*

#### IV.

**Lög** um eptirlaun handa Birni Gunnlaugssyni, yfirkennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, dagsett 9. desember 1861.

Vér Friðrik hinn sjöundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Lög þessi hefir ríkisþingið fallizt á og Vér staðfest með samþykki voru:

Birni Gunnlaugssyni, yfirkennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, riddara dannebrogssorðunnar, veitast 1000 ríkisdalir á ári hverju í eptirlaun, þá er hann fær lausn frá embætti sínu.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

#### V.

**Bréf** dómsmálastjórnarinnar til stíptamtmannsins yfir Íslandi, um laun málaflutningsmanna við landsyfirrèttinn, dagsett 22. janúar 1862.

Þér hafið, herra stíptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi, með þegnlegri skýrslu, dagsettri 18. septemberm. f. á. sent stjórninni þegnlegt álitsskjal þingsins frá 13. ágústm. þar á undan, og hefir þingið í því meðal annars stungið upp á, að laun þau, er samkvæmt konungúrskurði 19. marzm. 1858 hafa verið veitt mála-

flutningsmönnum þeim, er fyrst um sinn hafa verið skipaðir við yfir dóminn á Íslandi, verði enn um hin næstu 5 ár greidd úr hinum íslenska dómsmálasjóði.

Út af þessu skorar nú dómsmálastjórnin á yður, herra stiptamtmaður, samkvæmt konungsráskurði þeim, er nú var getið, að þér látið borga málaflutningsmönnum launin á sama hátt og að undanfögnu úr hinum íslenska dómsmálasjóði, og undir það að 4 ár eru liðin, sendið dómsmálastjórninni skýrslu um, að hve miklu leyti sjóðurinn framvegis sé fær um að bera kostnað þenna.

---

## VI.

**Bréf** dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um danska þýðing alþingistíðindanna, dagsett 22. janúarm. 1862.

Í bræfi dómsmálastjórnarinnar 12. septemberm. f. á. var leyft, að sleppa mætti að senda hingað danska þýðing af þingbók alþingis 1861; en eptir að nú er búið að skrifast á um málið við fjárstjórnina, skal yður enn fremur kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér gjörði þær ráðstafanir, er þarf í því efni, að samkvæmt skilyrði því, er sett var í áður greindu bræfi dómsmálastjórnarinnar, ber að telja fè það, sem borgað verður fyrir þýðinguna hér í bænum, og sem þér síðar munuð fá vísbending um hvað mikið verður, með öðrum kostnaði við alþingi 1861, og ásamt honum að endurgjalda ríkissjóðnum með niðurföfnun á Ísland.

---

## VII.

**Bréf** dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um að senda herskip til Íslands, 6. marzm. 1862.

Með því útlendir fiskimenn, er koma til Íslands, halda áfram að brjóta reglur þær, er gilda um yfirráð konungs yfir sjónum, þar sem þeir eru á fiskiveiðum fast upp við strendur landsins og inni

í fjórðum og flóum, og með yfirgangi þessum virðast mjög að skemma fiskiveiðar Íslendinga, þá hefir alþingi það, er átti fund í fyrra, í þegnlegri bannarskrá til konungs beðið um, að séð verði ráð við þessu á þann hátt, að ári hverju í öndverðum aprilmánuði verði send til Íslands svo mörg skip, sem þörf er á, er geti haft gætur á, að útlendir fiskimenn ekki séu á veiðum innan hinna lög-ákveðnu takmarka þangað til í byrjun septembermánaðar. Að því leyti, er snertir þetta atriði, hefir hinn setti stiptamtmaður á Íslandi, er einnig gegndi konungsfulltrúastörfum á alþingi, mælt með bannarskrá þingsins, og hefir hann í álitsskjali sínu um málið getið þess, að reyndar megi ætla, að eigi mundi unnt að gæta þess nákvæmlega, að reglurnar um yfirráðin yfir sjónum eigi séu brotnar, þó send væru til landsins 2 eða 3 herskip, til að vera á ferðum kringum strendur þess, þar sem slíknr sægur af útlendum fiskiskípum þyrpist þar saman; en eigi að síður mundi það koma að töluverðum notum, ef þangað væri sent þó ekki væri nema eitt lítið herskip, er reynslan hafi sýnt, að útlendir fiskimenn þau árin, sem dōnsk herskip hafi komið til Íslands og verið þar við strendurnar, ekki komi eins nálægt landi og annars, og einkum hafi varazt að fara inn í firði og flóa við landið, en hafi haldið til lengra frá ströndunum.

Um leið og dómismálastjórnin tilkynnir sjóliðsstjórninni þetta, lætur hún enn á ný í ljósi það álit sitt, að það muni koma að miklu liði til að vernda fiskiveiðar Íslendinga, að sent sé herskip til landsins, og biður því stjórnarráðið um svar um það, hvort það nú í vor eður sumar ekki geti gjört neina ráðstöfun, er lúti að þessu augnamiði, samkvæmt lofordi því, er það veitti í bréfi 31. marzm. 1860 um, að við og við skyldi verða sent herskip til Íslands til að verja landið ágangi erlendra fiskimanna.

---

## VIII.

**Bréf** kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldama á Íslandi, um skyldu kandidats frá prestaskólanum til að þiggja Grímseyjar brauð, dagsett 9. apríl. 1862.

Þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, hafið í bréfi 12. septemberm. f. á. skýrt frá, að Oddur Gíslason, kandidat frá prestaskólanum í Reykjavík, hafi skorast undan að þiggja Miðgarða brauð í Grímsey, sem stiptsyfirvöldin hafi veitt honum, jafnvel þó hann fyrram hafi fengið kennslu ókeypis og styrk úr almennum sjóði bæði við hinn lærða skóla og við prestaskólann, og muni þess vegna vera háður skyldu þeirri, sem um er rætt í konungsbréfum frá 10. maí 1737 og 2. desemberm. 1791, til að þiggja þegar á þarf að halda fátæk prestaköll á Íslandi; hafið þér fyrst og fremst beðið um samþykki stjórnarráðsins til þeirra aðgjörða yðar, er nú var getið, og því næst, að yður verði veitt vald til framvegis að fara eptir því, sem fyrir er mælt í konungsbréfum þessum, og hafið þér í því efni óskað, að stjórnarráðið lýsti því yfir, að ákvarðanir þessar einnig eigi að heimfærast upp á þá kandidata, sem koma frá prestaskólanum, og um leið getið þess, að þér að öðrum kosti ekki munið geta framvegis fengið menn til hinna fátæku braudanna, sem enginn sækir um.

Eptir að búið er að skrifast á við dómsmálastjórnina um málefni þetta, skal yður til vitundar gefið, að það, sem ákveðið er í konungsbréfum þeim, er nú var getið, verður ekki beinlinis heimfært upp á þá, sem lært hafa við prestaskólann í Reykjavík, jafnvel þó þeir hafi notið styrks úr almennum sjóði við skóla þenna. En stjórnarráðið mun nákvæmar yfirvega, hvort ástæða sè til að gjöra nýja ákvörðun, er leggi hlutaðeigendum á herðar skyldu þá, sem hér er um rætt, og mun yður síðar verða kunngjört, hvað af ráðið verður í því efni; en fyrst um sinn verður stjórnarráðið að skora á yður, að reyna að fá kandidata frá prestaskólanum til að taka að sèr þessi fátæku brauð, með því að gefa þeim von um, að þeir á eptir skuli fá betri brauð.

---

## IX.

**Bréf** dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um fæðispeninga alþingismanna m. m., dagsett 11. apríl-mán. 1862.

Dómsmálastjórnin hefir meðtekið bréf yðar, herra stiptamtmaður, 17. maím. f. á., og hafið þér í því lýst yfir álit yðar um gjöld nokkur, er snerta alþingi 1859. Um þetta efni skal yður nú kunngjört, til þess þér hagið yður eptir því og aúglýsið það, að þar sem alþingismenn þeir, er eiga heima í Reykjavík, hafa það ár, er nú var nefnt, og eptir því sem þér hafið frá skýrt einnig undanfarandi alþingisár, reiknað sèr fæðispeninga fyrir einn dag áður en þing hefir byrjað, og fyrir einn dag eptir þinglok, þá er þessi reikningsmáti heimildarlaus. En áður en skorið sè úr spurning, sem einnig er hreift í bréfi yðar, viðvíkjandi fæðispeningum þeim, er forseti á alþingi 1859 reiknaði sèr fyrir störf sín í þarfr alþingis eptir þinglok það ár, þá biður stjórnarráðið yður að skýra sèr frá, hvernig að hafi verið farið í þessu efni eptir síðasta alþing, og skal um leið leitt alhygli yðar að bréfi dómsmálastjórnarinnar 28. janúarmán. 1860.

## X.

**Bréf** kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um skyldu kandidata frá prestaskólanum í Reykjavík til að taka á móti fátækum brauðum, dagsett 26. maím. 1862.

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum 17. dag þ. m. allramildilegast þóknazt að fallast á:

»að þeim kandidötum, sem lokið hafa prófi við prestaskólann í Reykjavík, og notið hafa styrks úr almennum sjóði til menntaðkana sinna við skóla þenna, verði gjört að skyldu að verða prestar á fátækum brauðum á Íslandi, sem enginn sækir um, er hæfilegur sè til að fá þau; en aptur á móti megi þeir eiga



von á að koma öðrum fremur til greina til að fá betra brauð, eptir að þeir eru búnir að þjóna fátæku brauði hæfilega langan tíma; en færist þeir undan að þiggja slíkt brauð, borgi þeir tafarlaust aptur styrk þann, er þeir hafa fengið.

Um leið og þetta skal kunngjört yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar, í sambandi við bréf stjórnarráðsins dagsett 9. f. m., skorar kirkju og kennslustjórnin á yður að annast um, að efni ofangreinds konungsúrskurðar verði almenningi kunnugt, og að þegar ölmusunum við prestaskólann í Reykjavík er útbýtt, verði hlutaðeigendur með berum orðum minntir á, að þeir með því að þiggja styrk þenna gangist undir skyldu þá, sem um er rætt í ofangreindum úrskurði.

## XI.

**Bréf** dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um danska þýðing alþingistíðindanna, dagsett 11. júlím. 1862.

Með brèfi yðar 3. maím. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal frá forseta hins síðasta alþingis, Jóni Guðmundssyni, settum málaflutningsmanni við landsyfírréttinn; fer hann þess á leit, að hin danska þýðing alþingistíðindanna árið 1861 megi burt falla, eður að frestað verði að skera úr um borgunina fyrir þýðing þessa fyrir fullt og allt þangað til konungur sè búinn að leggja allra-hæstan úrskurð á þegnlega bænarskrá alþingis 23. júlím. 1861, eður að minnsta kosti, þangað til málið í heild sinni verði borið undir álit og úrskurð alþingis, þess er haldið verður árið 1663; en til vara hefir hann farið fram á, að hætt verði við þýðinguna sè hún ekki nú þegar búin, nema svo sè, að þýðingin fái st hér í bænum fyrir 3 eður 4 marka borgun fyrir hverja örök af hinu íslenzka eptirriti.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það hlutaðeiganda, að úrskurður sá, sem dómsmálastjórnin hefir lagt á málefni þetta í brèfi til stiptamtmanns 22. janúarm. þ. á. verður að standa óbreyttur, og skal

Því við bætt, að hver örð af hinni dönsku þýðing alþingistíðindanna, sem búin er til hér í bænum, er borguð 48 skildingum.

---

### XII.

**Ópið bréf**, er löggildir á Íslandi lög 21. janúarmánaðar 1857, um hegning fyrir illa meðferð á skepnum, dagsett 29. ágústm. 1862.

Vèr Friðrik hinn sjöundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs um að löggilda á Íslandi lög 21. janúarmánaðar 1857, um hegning fyrir illa meðferð á skepnum, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Hver sem verður sekur að grimmdarlegri misþjófning á skepnum, einkum húsdýrum, eður að annari harðýðgisfullri og miskunnarlausri meðferð á þeim, hvort heldur skepnurnar eru eign hans eður ekki, á, eptir málavöxtum og eptir því, hvort brotið er framið í fyrsta skipti eður ítrekað, að sektast allt að 50 rikisdöllum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

---

### XIII.

**Reglugjörð**, um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað, og um stjórn bæjarmálefna þar 29. ágúst 1862.

Vèr Friðrik hinn sjöundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til reglugjörðar um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað, og um stjórn bæjarmálefna þar, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

#### 1. grein.

Verzlunarstaðurinn Akureyri, með takmörkum þeim, sem nú eru, skal hëðan af vera bæjarfélag og lögsagnarumdæmi sèr, og nefnast kaupstaður; þó skal hlutaðeigandi stjórnarráð eiga ráð á

að leggja Oddeyri, sem svo er nefnd, undir kaupstaðinn, eptir að búið er að leita um það álits bæjarstjórnarinnar.

Bæjarfógetinn og fulltrúar kaupstaðarins skulu í sameining hafa á heudi alla stjórn þeirra bæjarmálefna, sem eigi eru undan skilin með öðrum ákvörðunum, undir tilsjón amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu og yfirstjórn hlutaðeiganda stjórnarráðs.

Sambandi því, sem verið hefir milli Akureyrar verzlunarstaðar og Hrafnagils hrepps, skal þess vegna hér eptir vera slitið, þó skal skilnaður þessi, hvað fátækramálefni snertir, fyrst eiga sér stað svo fljótt, sem því verður við komið, eptir að búið er að birta reglugjörð þessa á báðum stöðunum.

Fè því, er Akureyrarbær og Hrafnagils hreppur eiga í sameining og hreppsþýnglam öllum, skal svo skipt, að sami sè jöfnuður milli bæjarins og hreppsins sem á milli 4 og 5. Þessi skipti skulu gjörð af sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu, öllum bæjarfulltrúunum, og jafnmörgum mönnum úr Hrafnagils hrepp, sem kosnir skulu með atkvæðafjölda á kjörfundi fyrir sýslumanni af öllum þeim búendum hreppsins, sem gjalda nokkuð til sveitar.

## 2. grein.

Fulltrúar kaupstaðarins Akureyrar skulu vera fimm; skulu þeir kosnir af bæjarbúum þeim, sem kosningarrétt hafa samkvæmt þessari reglugjörð.

## 3. grein.

Kosningarrétt hafa, með þeim undantekningum, sem gjörðar eru í 5. grein, allir fullmyndugir menn, sem ekki eru öðrum háðir sem hjú, og hafa verið búfastir í kaupstaðnum síðasta árið, þegar þeir að minnsta kosti borga 2 rd. í bæjargjöld á ári.

## 4. grein.

Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrétt hefir eptir næstu grein á undan.

## 5. grein.

Enginn sá getur tekið þátt í kosning bæjarfulltrúa, eða orðið fyrir kosning, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það brot, sem svivirdilegt er að almennings áliti, eða ákærður hefir verið um slíkt brot, nema hann með dómi, er eigi verður raskað, hafi verið dæmdur alsýkn sakar; eigi heldur sá, sem settur er undir fjárgæzlu annara, eða ef bú hans er tekið upp sem þrotabú, eða

sè nokkurt það mál honum á hendi, að tekin sæu fyrir þá skuld af honum öll fjárforráð að lögum.

Feður og afkomendur mega eigi eiga setu í bæjarstjórninni í senn.

Sá sem kjörinn er bæjarfulltrúi skal eigi vikja úr fulltrúasæti þó hann síðar missi þá hæfilegleika, sem kjörgengi er bundið við eptir 3. og 4. grein; en komi eitthvað það fyrir, sem eptir þessari grein (5. gr.) gjörir mann óhæfan til bæjarfulltrúa, skal honum fyrst um sinn bægt frá fulltrúastörfum þangað til hindrunin er horfin, eða hún er orðin viðvarandi. Bæjarfógetinn og bæjarfulltrúarnir eiga að skera úr öllu því, er að þessu efni lýtur, er nú var sagt, og eins þegar einhver af bæjarfulltrúunum annars verður sekur að slíkum yfirsjónum í skylduverkum sínum, að hann hlýtur að vikja úr bæjarfulltrúasæti; þó á sá, er hlut á að máli, kost á að bera máiið undir æðri yfirvöld.

#### 6. gr.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir fyrir 5 ár. Af þeim, sem kjörnir eru í fyrsta skipti, skal einn fara frá að ári liðnu og síðan einn á ári, og skal það vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helst sakir, sem til þess eru, áður 5 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefir sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 5 ár, er frá fór. Fari einhver fulltrúi frá hina 6 síðustu mánuði ársins, má fresta kosning til þess á aðalkjörfundi. Kjósa má jafnan þann að nýju, er frá fór, en hafi hann gegnt fulltrúastörfum í 3 ár eða lengur, er hann eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur fyrr en eptir jafnlangan tíma og hann hafði áður verið fulltrúi. Svo má og hver sextugur maður eða eldri skorast undan fulltrúakosning.

#### 7. gr.

Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf misreitis. Svo skal kosning undir búá, að skrá sæ samin um þá, sem kosningarrétt hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja; en þessir eru kjörstjórar: í fyrsta sinn bæjarfógetinn á Akureyri og 2 menn af Akureyrarbúum, er hann til þess kveður; en upp frá því eru kjörstjórar: bæjarfógetinn, oddviti fulltrúanna og einn fulltrúanna, er þeir sjálfir til þess kjósa. Þegar semja skal kjörskrá, skal bæði

glaldkeri bæjarins og aðrir bæjarfulltrúar vera kjörstjórninni til aðstoðar, ef þörf gjörist. Skráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um 14 daga á undan kjördegi. Mót-bárur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sè vantalin, á að tilkynna bæjarfógeta að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að kjörstjórnin geti þann dag lagt úrskurð á málið, en að öðrum kosti missir hlutaðeigandi rétt sinn í því efni.

Hið fyrsta sinn skal kjósa bæjarfulltrúa svo fljótt, sem verður, eptir að reglugjörð þessi er birt á Akureyri, en þó skal telja sýslutíma þeirra frá næsta nýjári á eptir.

## 8. gr.

Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti 8 dögum á undan, með auglýsingarbréfi; skal kjörfundurinn haldinn fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns, koma sjálfir á kjörfund og lýsa því yfir, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á seðli, hvern þeir vilji kjósa.

Þegar allir þeir, er kjósa skulu, hafa átt kost á að gefa atkvæði sín og þau eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar upp öll atkvæðin, en hinir tveir kjörstjórnarnir rita þau upp og telja saman. Þann skal nefna kjörinn fulltrúa, sem hlotið hefir flest atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

## 9. gr.

Þegar kjósa á fleiri en einn fulltrúa, skal hver þeirra kjörinn sèr í lagi, á þann hátt, sem áður er fyrir mælt.

## 10. gr.

Ef sá, sem kjörinn er fulltrúi, ber upp afsökun nokkra, metur kjörstjórnin, hvort hún sè gild, og verði það atkvæði meiri hluta kjörstjórnarinnar, skal kjörstjóri boða til annars kjörfundar innan 8 daga, til að kjósa að nýju. Nú telur kjörstjórnin afsökun hans ónóga, en hinn kosui vill þó eigi gangast undir kosning, þá á hann að skora á kjörstjórnina að bera málið undir amtman, og sker þá amtmaður tafarlaust úr.

Þyki það vafasamt, annaðhvort af þeim mótbárum, sem fram hafa komið frá einhverjum, sem hlut á að máli, eða þyki kjörstjórninni sjálfri vafi á því, hvort atkvæðafjöldi sè fyrir einhverri kosning, eða ekki, eða verði að öðru leyti mótmæli gjörð gegn lögmæti kosningarinnar, á kjörstjórnin að leggja úrskurð á málið

og tilgreina ástæður fyrir þeim úrskurði; sá úrskurður sè síðan tafarlanst sendur amtmanni, og skal hann ef honum virðist eigi hafa verið löglega að farið um kosninguna, gjöra þá ákvörðun, er með þarf í því efni. En þó enginn slíkur vafi sè um lögmæti kosningarinnar, á þegar í stað að senda amtmanni skýrslu um kosninguna; þyki þá amtmanni eigi að síður vafasamt, hvort kosning sè lögmæt, á hann að leggja málið undir úrskurð hlutaðeigandi stjórnarráðs; þó er honum heimilt að gjöra kosninguna ógilda að sinni með úrskurði sínum, þyki honum ísjárvert að láta hana haldast þangað til úrskurður stjórnarráðsins verður fenginn. Finni amtmaður enga galla á kosningunni, þá á hann að gefa kjörstjórninni það til vitundar áður 14 dagar sèu liðnir. Þar að auki á sérhver, sem hefir nokkur mótmæli gegn kosningunni og einkum úrskurðum þeim, er hafa verið upp kveðnir um hana, að bera upp fyrir kjörstjórninni skriflega umkvörtun um það áður 8 dagar sèu liðnir frá því úrskurðurinn var upp kveðinn eða kosning fór fram, því annars verður slíkri umkvörtun enginn gaumur gefinn. Skal kjörstjórnin þegar senda amtmanni kvörtunina með álitinu sínu, og leggur amtmaður þá úrskurð á, áður hálfur mánuður sè liðinn. Verði þá kosning ógild eptir úrskurði amtmanns skal kjósa á ný.

Ef sá, sem kosinn hefir verið bæjarfulltrúi, eða kjörstjórnin eða einhver annar, sem hlut á það máli, ekki er ánægður með úrskurð amtmanns um eitthvað af því, sem um er rætt í þessari grein, þá má bera málið undir hlutaðeigandi stjórnarráð.

#### 11. gr.

Sá, sem kosinn er fulltrúi, sendir bæjarfógeta skriflegt heit, og skuldbindur hann sig í því, samkvæmt borgara-eiði sínum, en hafi hann eigi svarið borgara-eið, lofar hann með eiði, að gegna dyggilega öllum þeim skyldum, er staða hans leggur honum á herðar, bæði við konung og fósturjörð sína, og einkum við félag það, er hefir kosið hann til að taka þátt í stjórn bæjarmálefna sinna.

#### 12. gr.

Við byrjun hvers árs kjósa fulltrúar úr flokki sjálfra sín oddvita og vara-oddvita; ræður þar atkvæðafjöldi. Fulltrúar skulu eiga með sér fundi eptir því, sem þeir koma sér saman um, hversu tíðir skuli vera, en auk þess kveður oddviti til funda endarnær, er honum þykir nauðsyn til bera, eða tveir fulltrúar heimta. Odd-

viti skal, að því leyti unnt er, auglýsa fulltrúunum fyrirfram, hver málefni skuli rædd á fundum þeirra, en að öðru leyti á hver fulltrúi rétt á að bera upp á fundi hvort það málefni, er honum þykir nauðsyn til bera. Oddviti stýrir fundum og sèr um, að allt, sem þar er ákveðið, sè rétt bókað og annast um afgreiðslu þess. Þegar svo stendur á, að jöfn eru atkvæði, skulu þeir ráða er oddviti fylgir að. Þrír skulu fulltrúar að minnsta kosti vera á fundi, ef nokkurt mál á að geta ráðizt til lykta. Jafnan skulu allir þeir fulltrúar, sem viðstaddir eru, rita nöfn sín undir fundabókina.

## 13. gr.

Bæjarfulltrúar skulu eiga þátt í stjórn allra þeirra málefna, sem snerta eignir og stofnanir, tekjur og gjöld bæjarins, og eigi eru með neinni sérstakri laga-ákvörðun undan skilin venjulegri bæjarstjórn; má því bæjarfógetinn ekkert kveða á um bæjarmál án þeirra samþykkis. Nú verður meiri hluti fulltrúa eigi á sama máli og bæjarfógeti, skal hann eiga fund við þá og ræða við þá um málið; verði þá meiri hluti enu eigi á sama máli og hann, má skjóta málinu undir úrskurð æðra yfirvalds. Það er sjáifsagt að telja það álit allra fulltrúa, er meiri hlutinn fellst á.

## 14. gr.

Hve nær sem leitað er álitis bæjarfógeta um eitthvað, er snertir hagi kaupstaðarins, þá á hann annaðhvort að yfirvega það mál með bæjarfulltrúunum í sameining, eða fá um það sérstaklegt álit þeirra, og ber þá ávallt að senda það með álitsskjali bæjarfógeta. Fulltrúar mega og sjálfir bera upp til umræðu sérhvert það málefni, er snertir hagi kaupstaðarins, og er það skylda bæjarfógeta, þegar fulltrúarnir koma fram með einhverja uppástungu, að kveða upp um hana skriflegan úrskurð, ef þeir krefjast þess. Nú eru bæjarfulltrúarnir eigi ánægðir með, hver úrslit málið hefir fengið í þessum úrskurði, þá geta þeir heimtað, að það sè borið undir æðra yfirvald, ásamt álitu þeirra og bæjarfógeta því til skýringar, ef þörf gjörist.

## 15. gr.

Í öllum þeim málum, er snerta þurfamenn, uppeldi og uppfræðing barna, hefir hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum fulltrúanna.

## 16. gr.

Fulltrúarnir skulu hær eptir kjósa tvo menn úr flokki sjálfra sín í byggingarnefnd þá, er sett var með opnu bræfi 6. janúar-

mánaðar 1857, í stað þeirra, er áður skyldi kosnir af þeim, er lóð eiga í verzlunarstaðnum.

## 17. gr.

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta kjósa bæjargjaldkera; skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, eða bæjarfógeta og fulltrúum þyki ráðlegra að fá öðrum manni sýslu hans í hendur, áður en sá tími sé liðinn; nú verða bæjarfógeti og fulltrúar eigi á eitt sáttir um ákvarðanir þær, er snerta kosning gjaldkera o. s. frv., og skal þá málinu skotið til amtmanns úrskurðar.

## 18. gr.

Reikningsárið er frá fardögum til fardaga.

## 49. gr.

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta fyrir lok hvers marzmánaðar semja áætlun um útgjöld þau, er líklegt þykir, að bærinn muni þurfa að greiða næsta fardagaár, hvort heldur er til forlagseyris þurfamönnum bæjarins, eða til annara bæjarþarfa. Í áætluninni skal og skýrt frá fê því, sem til er til að borga með gjöldin án þess skattur sè lagður á bæjarbúa. Þegar allar slíkar tekjur eru taldar, skal jafna tveim fimmtu hlutum af gjöldum þeim, sem ætlazt er á, að enn þurfi að verja til hinna eiginlegu bæjarþarfa, á hús og lóðir bæjarmanna þannig, að fimm sjöttungum skal jafna á húsin eptir ferhyrningsmáli grundvallarins, en einum sjöttung á maturtagarða og aðrar útmældar lóðir sömuleiðis eptir ferhyrningsmáli; en þrem fimmtungum þess fjár, sem þarf til hinna eiginlegu bæjargjalda, og því fê, sem þarf til forlagseyris þurfamanna, skal jafna niður á alla bæjarbúa, eptir efnun þeirra og ástæðum.

Gjöldum þeim, sem greind eru í opnu bréfi 6. dag janúarm. 1857, 5. grein, a, skal eptirleiðis jafna niður á sama hátt og gjöldunum til hinna eiginlegu bæjarþarfa.

Beri ekkert það að höndum, að líklegt megi þykja, að útgjöldin eða tekjur þær, sem til eru upp í þau, verði meiri eða minni en árið næst á undan, skal hvortveggja jafnhátt sett. Áætlunarskráin skal send amtmanni, og þyki honum í henni ekkert athugasvert, ritar hann það á hana og sendir hana aptur. Að öðrum kosti birtir hann bæjarstjórninni þær athugasemdir, er honum þykir að gjöra þurfi, og skal jafnan farið eptir þeim athugasemdum það ár, er áætlunarskráin nær yfir; en eigi þær að gilda um lengri tíma og bæjarstjórnin þykist eigi geta kannazt við, að þær sèu réttar, er hún



skyld, áður mánuður sé liðinn, að rita amtmanni um það, og sendir hann þá málið hlutaðeigandi stjórnarráði til úrlausnar.

## 20. gr.

Ef amtmaður gjörir engar athugasemdir um áætlunarskrána, eða ef öllu er komið fyrir svo sem athugasemdir hans bentu til samkvæmt 19. gr., skal fê því, er safna á með álögum á bæjarbúa, jafnað niður á gjaldþegna. Ber þá að jafna niður í einu lagi á hvern skattskyldan mann öllum þeim gjöldum, sem greiða á eptir sameiginlegum mælikvarða; þó skal þess gætt, að þeim, sem að lögum eru lausir við að greiða gjaldtegund nokkra, sem talin er meðal þessara gjalda, má eigi gjöra meira en þeim ber að greiða í önnur gjöld, samkvæmt reglum þeim, er gilda.

Allir bæjarfulltrúar ásamt gjaldkera bæjarins, jafna niður gjöldunum á kaupstaðarbúa. Niðurjöfnunin skal fullgjörð fyrir lok maímánaðar; því næst skal niðurjöfnunarskráin, ásamt áætlunarskránni, liggja á hentugum stað öllum til sýnis í 3 vikur, að minnsta kosti 3 stundir á degi hverjum; skal það opinberlega birt, hve nær hún sé lögð fram og hvar, og um hvert leyti dags hún sé öllum til sýnis. Öllum gjöldum skulu greiðendur hafa lokið á Mikjálsmessu.

## 21. gr.

Þyki einhverjum gjaldþegna eitthvað aðfinningarvert við niðurjöfnuna, á hann að bera sig upp um það við bæjarfógeta áður sá tími sé liðinn, sem niðurjöfnunin liggur til sýnis, því annars verður slíkri umkvörtun enginn gaumur gefinn. Bæjarfógetinn og bæjarfulltrúarnir leggja úrskurð á málið; en sé hlutaðeigandi eigi ánægður með úrskurð þenna, er honum frjálst að láta bæjarstjórnina bera málið undir úrskurð amtmanns.

## 22. gr.

Ef útgjöld bera að, sem ekki er gjört ráð fyrir í áætlunarskránni það ár, skal um þau gjöra skýrslu, eins og boðið er í 19. grein um áætlunarskrána, og skal í öllu, er útgjöld þessi snertir, farið að á þann hátt, sem ákveðið er í þeirri grein. En nemi gjöld þau, sem eigi hefir verið gjört ráð fyrir í áætlunarskránni, eigi meira en 50 ríkisdöllum, þá þarf eigi að gjöra um þau sérstaklega skýrslu, og skal þá jafna þeim niður með gjöldum næstkomanda árs.

## 23. gr.

Bæjarsjóðurinn skal geymdur af gjaldkera, og skal hann, að

minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæði bæjarfógeta og fulltrúum nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri neitt greiða úr bæjarsjóði, nema eptir ávísnn frá bæjarstjórninni

## 24. gr.

Fulltrúar ásamt bæjarfógeta skulu hafa nákvæma umsjón með fjárhag bæjarins. Þeir gæta þess, að skattar og aðrar tekjur bæjarins sé heimitað á réttan hátt og í tækan tíma og tekið lögtaki, ef þörf gjörist, svo og, að fænu sé varið til útgjalda bæjarins. Þyki reikningar gjaldkera eigi nógu skýrir, eða tekjur reynist óheimtar, eða gjöld ógreidd, er greidd skyldu vera, skulu þeir gjöra þær ráðstafanir, er nauðsyn ber til, til að hrinda því í lag, er áfátt þykir.

Allar ávísanir skulu fulltrúar undirskrifa á fundi.

Bæjarstjórnin skal leggja alla stund á, að öll störf þess, sem unnin eru á kostnað kaupstaðarins, séu vel af hendi leyst og með sem minnstum kostnaði; skal bæjarfógetinn hafa stöðugt eptirlit með slíkum störfum, en fulltrúarnir skulu skiptast á um að gæta þeirra eptir því, sem þeim þykir hentast, og sjá um, að slík störf séu unnin sem haganlegast og í öllu samkvæmt því, sem upphaflega var ákveðið.

## 25. gr.

Þó bæjarfógeti og fulltrúar eigi rétt á að gjöra ályktanir bæjarins vegna um það, er fjárhagsefni snertir, með tilsjón þess yfirvalds, er til þess er skipað, þá verður að undan skilja þær ráðstafanir, sem eru öldungis sérstaklegar, eða miklu varða fyrir bæinn um langan tíma.

Til þessa má telja: að taka fè að láni eða lengja tíma þann, er borga skal á lánsfè, sem þegar er fengið; að veita laun eða hækka þau, ef meiru nemur en 20 ríkisdöllum; sömuleiðis eptirlaun þegar þau nema meiru, en nú var sagt; að veita gefins fjárstyrk, er meiru nemi en 30 ríkisdöllum; að afsala fasteignir kaupstaðarins, og því einnig að útblata kaupstaðarjörðum, svo að þær verði eign einstakra manna, er aptur á móti lúka á ári hverju ákveðnu gjaldi í bæjarsjóð; að byggja kaupstaðarjarðir um lengri tíma en 10 ár, eða á annan hátt en við opinbert uppboð; að kaupa hús eða land undir kaupstaðinn; að færast í fang byggingarstörf, sem ekki verða framkvæmd nema auknar séu álögur þær, er bæjarmenn um

3 undanfarin ár hafa goldið að meðaltali; að gjöra slíkar sættir, til að komast hjá málaferlum, að á kaupstaðinn leggist nokkur skuldbinding, eða slakað sè nokkuð til um rétt hans.

Þegar eitthvað af þessu kemur fyrir, svo að bæjarstjórnin eigi má skera úr, skal amtmaður, ef bráðs úrskurðar þarf við og bæjarstjórnin er því samþykk, og honum eigi heldur virðist það ísjárvert, hafa vald til að gjöra út um þessi mál; en að öðrum kosti á að senda hlutaðeigandi stjórnarráði málið til úrskurðar með álitsskjölum allra, er hlut eiga að, og þar á meðal amtmannsins.

26. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið, og senda bæjarfógetanum fyrir lok júnímánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta, og um hvernig slíkt sè birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 20. grein um niðurjöfnunina. Reikningurinn sè því næst vandlega yfir farinn af skoðunarmanni, er kosinn sè af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 3. grein hafa kosningarrétt; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa það starf á hendi um 5 ár eins og þeir. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fèkk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfis mánaðar, skal reikningurinn, ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera, sendur til amtmanns, og á hann að leggja úrskurð sinn á reikninginn.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sèu greind sèr í lagi öll atriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

XIV.

**Bréf** dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna á Íslandi, um kennslu í læknisfræði hjá landlækni á Íslandi, dagsett 12. september 1862.

Eptir þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar út af bænarskrá frá alþingi, er haldið var árið 1861, hefir hans hátign konungurinn 29. f. m. allramildilegast úrskurðað á þessa leið:

1. að þangað til óðruvísi verður ákveðið megi á ári hverju verja 600 ríkisdöllum úr hinum íslenska læknaþjóði til kennslu í læknisfræði hjá landlækni í Reykjavík, og að kennsla þessi skuli vera fyrir þá menn, sem útskrifaðir eru úr hinum lærða skóla í Reykjavík.
2. að dómsmálastjórnin, eptir að hafa fengið um það efni álit hins konunglega heilbrigðisráðs, skuli hafa vald til að ákveða nákvæmar, hversu yfirgripsmikil kennsla sú skuli vera, sem hlutaðeigendur eigi að fá hjá landlækni.
3. að haldið skuli opinbert próf yfir þeim, er notið hafa kennslu þessarar, og skuli dómsmálastjórnin hafa vald til að skipa fyrir um prófið, eptir að hún er buin að semja um það efni við kirkju og kennslustjórnina,
4. að þeir, sem staðizt hafa próf þetta, skuli hafa lækningaleyfi á Íslandi og geta orðið þar héraðslæknar.

Um leið og þetta er kunngjört yður, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það í umdæmi því, sem þér eruð yfir skipaðir, skal því við bætt, að samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 2. grein í konungsúrskurði þeim, sem að ofan er til færður, er farið að skrifast á við hið konunglega heilbrigðisráð um það, hve yfirgripsmikil kennslan eigi að vera hjá landlækni.

---

XV.

**Bréf** dómsmálastjórnarinnar til stíptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um endurgjald jarðamatskostnaðar, dagsett 19. nóvember 1862.

Eins og yður er kunnugt, herra (tit.), hefir alþingi það, er haldið var árið 1861, sent stjórninni þegnlega bænarskrá um, að numið verði úr lögum opið bréf 1. aprílm. 1861 um það, hvernig

endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi, og til bráðabyrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarsjóði Íslands.

Þegar litið er á, að eptir því, sem fyrir er mælt í 2. grein laga-boðs þessa, ber að heimta helming af fè því, sem þarf til að endurgjalda jarðamatskostnaðinn, á manntalsþingum árið 1863, þá hefir stjórnarráðinu þótt réttast, til að taka fyrir öll tvímæli, að tilkynna yður nú þegar, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörð það sýslumönnum í umdæmi því, sem þér eruð yfir skipaðir, að samkvæmt tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum 5. dag þ. m. þóknazt allramildilegast að úrskurða, að ofangreindri bænarskrá geti eigi orðið bænheyrsla veitt.

## XVI.

**Lög** um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, dagsett 19. janúarm. 1863.

Vèr Friðrik hinn sjöundi, og s. frv. Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vèr staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Frá 1. degi aprílmánaðar 1863 skulu embættismenn þeir á Íslandi, sem hér eru taldir, fá fyrst um sinn árlega launaviðbót, svo sem nú skal greint:

A. Embættismenn, er heyra undir dómsmálastjórnina:

Stiptamtmaðurinn . . . . .	400 rd.
Amtmaðurinn yfir vesturumdæminu . . . . .	300 —
Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu . . . . .	700 —
Landfógetinn . . . . .	400 —
Forsetinn í landsyfírrèttinum . . . . .	600 —
1. meðdómandi í landsyfírrèttinum . . . . .	650 —
2. meðdómandi í landsyfírrèttinum . . . . .	250 —
Landlæknirinn . . . . .	300 —
Læknirinn í eystra læknishéraði suðurumdæmisins . . . . .	400 —
Læknirinn í Vestmannaeyjum . . . . .	100 —
Læknirinn í syðra læknishéraði vesturumdæmisins . . . . .	400 —
Læknirinn í nyrðra læknishéraði vesturumdæmisins . . . . .	100 —

Læknirinn í Húnavatns- og Skagafjarðar sýslum . . . . .	250 rd.
Læknirinn í Eyjafjarðar- og Þingeyjar sýslum . . . . .	250 —
Læknirinn í austurumdæminu . . . . .	100 —

B. Embættismenn, er heyra undir kirkju- og kennslustjórnina:

Byskupinn . . . . .	800 rd.
Dómkirkjupresturinn í Reykjavík . . . . .	250 —
1. kennari við prestaskólann . . . . .	300 —
2. kennari við prestaskólann . . . . .	300 —
1. kennari við hinn lærða skóla . . . . .	200 rd.
2. kennari við hinn lærða skóla . . . . .	100 —
3. kennari við hinn lærða skóla . . . . .	200 —

2. gr.

Enn fremur veitast byskupinum 500rd. til skrifstofukostnaðar og landfógetanum 200 rikisdala viðbót við skrifstofufé það, er hann hefir haft að undanfögnu.

Aðstoðarfé það, sem veitt kann að verða í fjárlögum fyrir árið 1863—64 með gjöldum Íslands, þeim er snerta kirkju- og kennslustjórnina, skal hækkað til 1100 rd.

3. gr.

Launaviðbót sú, sem talin er í 1. grein, skal greidd ásamt hinum föstu launum, eptir reglunum um borgun embættislauna eptir kornverði í lögum 19. febrúarmánaðar 1861 um laun handa embættismönnum og sýslunarmönnum, er heyra undir stjórnarráð konungsríkisins, að undanteknum þeim, sem eru í sjálfum stjórnarráðunum; og skal launaviðbótin greidd einungis þeim embættismönnum, sem nú eru í embættunum, eður verða skipaðir í þau embætti, sem nú eru laus.

4. gr.

Ef nokkrum af embættismönnum þeim, sem taldir eru í 1. grein, kynni að verða veitt biðlaun eður eptirlaun, sökum þess að breytt yrði því fyrirkomulagi, sem nú er á fjárhagsstöðu Íslands í ríkinu, þá skal launaviðbót sú, sem að ofan er nefnd, reiknuð með samkvæmt eptirlaunalögum 5. janúarmánaðar 1851, 3. grein, þegar ákveðin er upphæð biðlaunanna eður eptirlaunanna.

5. gr.

Lög þessi skulu endurskoðuð í seinasta lagi fyrir lok fjárhagsársins 1865—66.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

## XVII.

**Opið bréf** um löggilding þriggja verzlunarstaða á Íslandi, dagsett 19. janúarm. 1863.

Vær Friðrik hinn sjöundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum alþingis hefir Oss allramildilegast þóknast að löggilda verzlunarstað við Papafjarðarós í Skaptafellssýslu í suðurumdæminu, við Straumfjörð í Mýrasýslu og á Skeljavík í Strandasýslu í vesturumdæminu á Íslandi.

Fyrir því skal það hér eptir leyft að byggja sölubúðir og hafa fasta verzlun á þessum stöðum með þeim skilmálum, er segir í opnu bréfi 28. desembermánaðar 1836, og mega einnig innlendir og útlendir lausakaupmenn koma þangað til verzlunar, þegar þess er gætt sem í öndverðu ákveðið er í nefndu lagaboði og í lögum 15. aprílmánaðar 1854 3. grein.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

## XVIII.

**Konungsúrsknrður** um próf í íslenzkri tungu, dagsettur 8. febrúar 1863.

Eptir uppástungu dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konungurinn allramildilegast úrskurðað:

að próf það í íslenzku máli, sem þeir menn, er sækja um að verða embættismenn á Íslandi, en ekki eru Íslendingar, eiga að ganga undir, samkvæmt allrahæstum úrskurðum 8. aprílm. 1844 og 27. maím. 1857, skuli aukið á þann hátt, að auk hins munnlega prófsins sè einnig haldið skriflegt próf, og að hið munnlega prófið sè haldið í heyranda hljóði og sèu við það tveir prófdómendur, sem einnig taki þátt í að dæma um hið skriflega prófið; skuli það falið dómsmálastjórninni að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á í þessu efni, eptir að hafa ráðgæzt um það við kirkju- og kennslustjórnina.

## XIX.

**Bréf** dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland, dagsett 13. febr. 1863.  
Frá hinu síðasta alþingi Íslendinga hefir dómsmálastjórninni

borizt þegnleg bænarskrá, sem eptirrit af fylgir með bréfi þessu, um ráðstafanir, er nauðsynlegar sèu móti yfírgangi útlendra fiskimanna við Ísland; svo hefir og komið bænarskrá, er fer í líka átt, frá lögþingi Færeyinga, því er haldið var árið 1861, og fylgir einnig hér með útdráttur úr þeirri bænarskrá.

Um leið og dómsmálastjórnin nú sendir utanríkisstjórninni skjöl þessi og skýrskotar til bréfa þeirra, er fóru milli hennar og utanríkisstjórnarinnar árið 1859 út af bænarskrám, er komið höfðu um sama efni, og um leið og hún getur þess, að ekki virðist vera næg ástæða til eptir uppástungu alþingis að reyna að fá gjörðan samning um þetta efni, skal því skotið til hinnar heiðruðu utanríkisstjórnar, hvort hún ekki vilji skýra stjórninni á Frakklandi og á Bretlandi hinu mikla frá því, að komið hafi umkvartanir frá alþingi Íslendinga og lögþingi Færeyinga yfir því, að fiskiveiðaréttindi þeirra hafi brotin verið, og skora enn á ný á stjórnendur í löndum þessum um að banna þegnum sínum, þeim er hafa fiskiveiðar við Ísland og Færeyjar, að veiða nær ströndunum en í einnar vana-legrar sjávarmílu fjarlægð undan landi.

Dómsmálastjórnin biður um, að sèr verði gefin vísbending um, hvað utanríkisstjórnin ræður af í þessu efni.

---

## XX.

**Bréf** dómsmálastjórnarinnar til stiptamtanns og byskups á Íslandi, um eignir spítalanna og tekjur þeirra dagsett 14. febrúarm. 1863.

Í bréfi 22. septemberm. f. á. hafið þèr, háæruverðugi herra, eptir tilhlutun stjórnarráðsins í bréfi 8. maím. 1859, lýst yfir álitu yðar um tilhögun á fè spítalanna og um heimtingu á tekjum þeirra, og senduð þèr með því bréfi tvö bréf, annað frá stiptamtanninum yfir Íslandi, en hitt frá amtmanninum, yfir norður- og austur-umdæminu, bæði þess efnis, að í aðalatriðunum skuli farið eptir gildandi lögum viðvíkjandi tekjum spítalanna; en þèr stingið upp á, að allt þetta málefni um spítalana verði fyrst um sinn látið við svo búið standa, og eigi gjört út um það að fullu og öllu fyrri en búið sè að skipa fyrir um breytingar þær, er kunní að vera fyrirhugaðar á landstjórninni á Íslandi, sem málefni þetta heyrí undir.



En eptir álit stjórnnarráðsins væri þessi aðferð eigi hagkvæm, þar sem alþingi hvað eptir annað hefir farið fram á, að betri tilhögun verði komið á málefni þetta, og með því líkindi eru til, að aðalorsökin til, að alþingi hvað eptir annað hefir sent bænarskrá um þetta efni, sè sú, hvernig farið er að í suðurumdæminu um heimingu og sölu hinna svo kölluðu hópítalshluta, og að eigi er farið eptir spítalatalskipuninni 27. maím. 1746, þá minnir stjórnnarráðið yður á bréf sitt til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, dagsett 10. júním. 1851, og biður yður, herra stiptamtmaður, og yður háæruverðugi herra, að skýra sèr hið bráðasta frá, hverjar ráðstafanir hafi gjörðar verið eptir því, sem fyrir er mælt í bréfi þessu, og ef ekkert hefir gjört verið, þá að senda hingað álit yðar og uppástungur um hagkvæmari tilhögun á heimingu og sölu á spítalahlutum í suðurumdæminu.

## XXI.

**Bréf** dómsmálastjórnnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um manntalsþingagjöld í Gullbringusýslu og í Reykjavíkur kaupstað, dagsett 23. febrúarm. 1863.

Með bréfi 17. marzm. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, er forseti alþingis, er haldið var 1861, Jón Guðmundsson, settur málaflutningsmaður við fyrréttinn, hafði samið að tilhlutun þingsins, og er í henni farið fram á, að manntalsþingagjöldin í Gullbringusýslu og í Reykjavíkur kaupstað, sem nú eru greidd eptir verði verðlagsskráarinnar á hörðum fiski, framvegis verði greidd eptir meðalverði allra meðalverða.

Eptir að húið er að skrifast á um þetta efni við fjárstjórnnina, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjórið það alþingi því, er haldið verður í næsta skipti, að dómsmálastjórnnin hefir í hyggju að hlutast til um, að uppástunga, er að þessu lúti, verði sett í frumvarpið til fjárlaganna fyrir árið 1864 – 65.

## XXII.

**Opið bréf** um spítalahlutina á Vestmanna-eyjum.

Dómsmálastjórnin hefir allraþegnsamlegast borið undir konung álitsskjal alþingis þess, er haldið var árið 1861, um spítalahlutina á Vestmannaeyjum í Suðurumdæminu á Íslandi, og hefir hans há-tign þóknast 13. dag þ. m. allramildilegast að ákvarða, að spítalahlutirnir á eyjum þessum, bæði af fugli og fiski, skuli frá 1. degi janúarmánaðar 1865 renna inn í sjóð þann, er stofnaður var með konungsráskurði 12. ágústmánaðar 1848 til umbóta á læknaskipuninni á Íslandi, en að hins vegar skuli frá sama tíma fyrst um sinn 30 rd. á ári greiddir úr sjóði þessum til launa handa yfirsetukonu á Vestmanna-eyjum.

Þetta birtist öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Í dómsmálastjórninni, 24. dag marzmánaðar 1863.

*Casse.*

## XXIII.

**Tilskipun** um lausamenn og húsmenn á Íslandi.

VÈR FRIDRIK HINN SJÖUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vørs trúa alþingis, um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um lausamenn og húsmenn á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

## I. Um lausamenn.

## 1. gr.

Þeir menn eru eigi skyldir að vera í vist, er hafa 5 hundruð á landsvísu eður meira í árságóða af fasteignum eða öðru fè.

## 2. gr.

Hverjum þeim manni, sem er 25 ára að aldri, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að fá sèr leyfisbréf hjá lögreglustjóranum.

Fyrir leyfisbréfið borgar karlmaður eitt hundruð en kona hálf hundruð á landsvísu, og skal gjald þetta greitt í peningum eptir verðlagsskrár aðalmeðalverði.

Leyfisbréf skal taka hvort heldur maður vill vera laus að nokkru eður að öllu.

3. gr.

Heimilt skal mönnum þeim, er nú skal greina, að taka leyfisbréf þau, sem nefnd eru í 2. gr., þótt ekki séu þeir fullra 25 ára:

1. Ekkjumönnum og ekkjum, og konum, sem menn þeirra hafa yfirgefið eður skilið við að lögum, annaðhvort algjörlega eða að borði og sæng.
2. Mönnum sem hafa eitt hundrað á landsvísu í ársarð af fasteignum eður öðru fè. Ef afgangið eða leigan er greitt í peningum, skal telja það til álna eptir aðalmeðalverði í verðlagskrá.

4. gr.

Þessir menn geta fengið leyfisbréf borgunarlaust:

1. Þeir sem búid hafa 15 ár og goldið þenna tíma árlega til allra stétta.
2. Þeir sem staðið hafa í vinnuhjúastétt 20 ár og fengið jafnan góðan vitnisburð.

5. gr.

Fyrir hvert leyfisbréf skal greiða lögreglustjóranum einn ríkisdal.

6. gr.

Láti nokkur, sem fengið hefir leyfisbréf til að komast hjá að vera í vist, undanfalla 2 ár í bili að greiða lögboðin gjöld eður skylduverk, eður þurfi fjárnámi að heita 2 ár, hvort eptir annað til að ná þeim gjöldum, þá hefir hann fyrirgjört þeim rétti sínum, er leyfisbréfið veitir honum, og má honum eigi veita leyfisbréf að nýju fyrr en eptir 5 ár.

7. gr.

Nú flytur nokkur, er fengið hefir leyfisbréf, sig í annað lögsagnarumdæmi, skal hann taka nýtt leyfisbréf, er hann fái borgunarlaust; þó skal hann greiða lögreglustjóranum einn ríkisdal (smbr. 5. gr.). Ef einhver, sem fengið hefir leyfisbréf, tilkynnir hlutaðeigandi lögreglustjóra, að hann ætli eigi að nota leyfið ákveðinn tíma, skal honum heimilt að nota það síðar án þess að greiða nokkra borgun, ef hann gefur slíkt lögreglustjóranum til vitundar.

8. gr.

Nú er maður óvistráðinn mánuði fyrir hjúaskildaga og á sér enga aðra löglega atvinnu vísa, og leitar hann hreppstjóra um að

útvega sèr vist; og skal þá hreppstjóri vera honum hjálplegur í því efni. Ef maður er enn óvistráðinn um manntalsþing og leitar sýslumanns um að útvega sèr vist, þá skal sýslumaður bjóða hann upp á manntalsþingum sýslunnar.

Nú útvegar hreppstjóri eður sýslumaður manni vist á þann hátt, er nú var sagt, og er hann þá skyldur að fara í þá vist ef hún er boðleg. Þjóðist fleiri en einn til að taka manninn, má hann sjálfur um kjósa; en sè hann eigi við staddur, skal hreppstjóri eður sýslumaður ráða, í hverja vistina hann skal fara. Nú vill hann ekki þiggja vist þá, er á þenna hátt stendur honum til boða, og skal honum þá hegnt sem fyrir lausamennsku.

Nú hefir engi boðizt til að taka hinn vistlausu mann, og varðar honum þá eigi við lög, þótt hann sè laus til hjúaskildaga næsta ár; en skyldur er hann að ganga að hverri þeirri vinnu, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri vísa honum á, enda sè vinnan honum eigi of vaxin; ella er hann sekur um 1—10 rd. eptir málavöxtum. Sama er og um hjú, er vistlaust verður eptir manntalsþing.

Nú er maður enn vistlaus á hinum næsta hjúaskildaga, og skal þá fara sem fyrr segir.

#### 9. gr.

Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að enginn sá, sem er skyldur að vera í vist, komi sèr hjá skyldu þeirri, og skulu lögreglustjórar á hverju manntalsþingi grennslast eptir, hvort brotið hafi verið móti lögum þessum.

Lögreglustjórnin skal vaka yfir því, að þeir, sem leyst hafa leyfisbréf, hafi fast heimili og sèu ekki á flakki; en verði þeir sekir í flakki, sektast þeir 2—20 rd., og skal lögreglustjórnin útvega þeim samastað, ef þeir engan hafa.

#### 10. gr.

Hvor sá, sem skyldur er að fara í vist, en eigi hefir gjört það, nè heldur keypt leyfisbréf það, sem um er rætt í 2. gr., verður um það sekur 10—30 rd., og greiði að auki jafnmikið og lúka á fyrir leyfisbréf eptir 2. gr. En sè svo ástatt fyrir manni, sem segir í 4. gr., verður hann að eins sekur um 2—5 rd.

Þyngja skal það jafnan sektina, ef brotið er ítrekað eða beitt er röngum fyrirburði um vistarráð, eða ef maður gjörir sig sekan í flakki.

#### 11. gr.

Hver sá, er hjálpar öðrum til að koma sèr undan skyldu sinni

að fara í vist, skal eptir málavöxtum sektast um helming eða allt að tveim þriðjungum þeirra sekta, sem ákveðnar eru í næstu grein á undan.

Hver sá húsráðandi, er hýsir slíkan mann 3 nóttum lengur að nauðsynjalausu verður sekur um 1—5 rd.

## II. Um húsmenn.

### 12. gr.

Enginn má gjörast húsmáður eða þurrabúðarmaður nema hann til þess fái leyfi hjá sveitarstjórninni þar, sem hann ætlar að setjast að. Synji sveitarstjórnin um leyfið, skal hún skyld að gefa hlutaðeigenda það skriflegt, með ástæðum fyrir synjuninni, og er honum þá heimilt, að skjóta máli sínu til yfirvaldsins, sýslumanns (bæjarfógeta), sem sker úr, hvort synjunin sé gild eður ekki. Úrskurði þess yfirvalds má skjóta til amtmanns, og leggur hann síðasta úrskurð á málið.

Setjist nokkur að í húsmennsku, án þess að hafa þá heimild til þess, er með þarf, skal hann sekur um 5—20 rd., og getur hann ekki með ólöglegri dvöl sinni í hreppnum unnið þar rétt til sveitarframfæris. Svo má og vísa þeim húsmanni úr hreppnum með missiris fyrirvara til næstu fardaga, sè hann þar eigi sveitlægur.

### 13. gr.

Hver sá húsráðandi, er tekur þann húsmann á heimili sitt, sem eigi hefir rétta heimild til húsmennsku, skal greiða 2—8 rd. sekt, og þurfi húsmáðurinn framfærisstyrks við, skal það til næstu fardaga lenda á húsráðanda án endurgjalds frá hreppi þeim, þar sem húsmáðurinn er sveitlægur.

### 14. gr.

Þessar ákvarðanir skulu einnig ná til þeirra manna, er ekki hafa stærri jarðarpart til ábúðar en 1 hundrað.

## III. Almennar ákvarðanir.

### 15. gr.

Af gjöldum þeim og sektum, sem greiða ber eptir tilskipun þessari, skal helmingur renna í hlutaðeigenda fátækra sjóði, en helming fái hreppstjóri eður hreppstjórar.

16. gr.

Með þau mál, sem rísa út af því, sem ákveðið er um í þessari tilskipun, skal farið sem almenn lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Gefið í Skodsborg, 26. dag maímánaðar 1863.

Undir Vorri konunglegri hendi og innsigli.

*Friðrik R.*

## XXIV.

**Opið bréf** um breyting á þeim tíma, þá er halda skal manntalsþing í Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslum.

Dómsmálastjórnin hefir allraþegnsamlegast borið undir konung bænarskrá alþingis þess, er haldið var árið 1861, um breyting á þeim tíma, þá er halda skal manntalsþing í Barðastrandar og Ísafjarðarsýslum í Vesturumdæminu á Íslandi, og hefir hans hátígn þóknast 8. dag þ. m. allramildilegast að ákveða, að hér eptir megi fresta manntalsþingum í sýslum þessum þangað til í júní og júlímánuði.

Þetta birtizt öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Í dómsmálastjórninni 9. dag júnímánaðar 1863.

*Casse.*

**B.**  
**VIÐBÆTIR.**

**Reikningur**  
yfir  
**alþingiskostnaðinn 1861.**  
og  
**yfirlit**  
**yfir alþingiskostnaðinn 1863.**

(Samið af *Jóni Guðmundssyni*  
varaforseta á alþingi 1863).

---





# Reikningur

yfir alþingiskostnaðinn **1861.**

Eftir yfirliti yfir þenna reikning, í viðbæti aptan við alþingis-  
tiðindin 1861, 175.—178. bls., var þegar, 27. maí 1862, ávísað og  
greitt upp í alþingiskostnaðinn 1861:

	rd.	sk.
<i>Fæðispeningar</i> og ferðakostnaður alþingismanna . . .	6,000	24
— innanþingsskrifarana og skrifara forsetans	645	»
Til <i>dyravarðar</i> og <i>þingsveina</i> . . . . .	126	8
Fyrir <i>atkvæðaskrár</i> og <i>níðurlagsatriði</i> , prentun og pappír . . . . . 92 rd. 39 sk.	19	40
Fyrir <i>prófarkalestur</i> . . . . .	111	79
Fyrir <i>ritstörf</i> um og eftir þingtimann, á skjölum og þingbókum, samanlestur þeirra o fl. 574 rd. 18 sk.	46	88
Enn fremur ávísað eftir 27. maí 1862	621	10
Fyrir ritfaug . . . . .	96	44
Fyrir danskar þýðingar:		
Á álitsskjölum, bænarskrám og bréfum til stjórn- arinnar . . . . . 62 rd. 48 sk.		
Síðar ávísað . . . . . 3 - 32 -	65	80
Á þingbókinni hér í landi 102 - " -		
Enn fremur borgað í Kaupmannahöfn eftir fyrirlagi lögstjórnar- innar, og síðar ávísað af alþingisfönu til end- urgjalds rikissjóðn- um, . . . . . 458 - 24 -	560	24
Í þarfir <i>bókasafnsins</i> , til bókakaupa, til	626	8
bókavarðar, og fyrir að semja bóka- safns-skrá, áður ávísað . . . . . 190 - " -		
Síðar ávísað, fyrir prófarkalestur á bókasafnsskránni . . . . . 8 - " -	198	»
Fyrir ýms forsetastörf, frá 16. septbr. 1861 til 20. júní 1862 <sup>1</sup> . . . . .	109	36
	Flyt	8534 17

1) Reikningurinn var staðfestur af varaforseta þingsins 1861. Að öðru leyti

	Pluttir	Rd.	Sk.
Til útgáfu <i>alþingistiðindanna</i> 1861:		8534	17
1. Prentunarkostnaður og pappír ávísað fyrir 27. maí 1862 . . . . .	1774 rd. 50 <sup>1</sup> sk.	rd.	sk
siðar ávísað . . . . .	419 — 12 —	2,193	62 <sup>3</sup>
2. Prófarkalestur, áður ávísað . . . . .	240 rd. 52 sk.		
siðar ávísað . . . . .	37 — 48 —	278	4
3. Fyrir ritnefndarstörf, áður ávísað . . . . .	45 — » —		
siðar ávísað . . . . .	45 — 48 —	90	48
4. Hefting, áður ávísað . . . . .	124 — 26 —		
siðar ávísað . . . . .	43 — 54 —	167	80
Ymislegur <i>aukagostnaður</i> :		2,730	2
Tillagt ýmislegt smávegis til áhalda . . . . .	4	6	
Fyrir aðgjörð á húsbúnaði og áhöldum og eptirlit með því . . . . .		11	88
Fyrir að telja og uppteikna eptirstöðvar af eldri alþingistiðindum . . . . .		6	»
Fyrir bókband á þingbókunum 1859 og 1861 . . . . .		18	»
Fyrir að skipa niður og koma í lag skjalfasni þingsins og búa til skrá þar yfir . . . . .		22	»
		61	94
Samtals		11,326	17 <sup>3</sup>

sýnir bréfabók þingsins að þar að auki áttu sér stað nokkur forsetastörf ram í miðjan septbr. 1862, sem einskis var krafist fyrir.

1) Í yfirlitinu aptan við alþingistiðindin 1862, or til fært: 1866 rd. 89 sk. en jafnframt tekið fram, að þar í væri einnig fólgnir þeir 92 rd. 50 sk, fyrir atkvæðaskrárnar, sem nú eru tilgreindar hér að framan.

2) Í þessari upphæð er og fólgin prentunarkostnaðurinn á bókasafnsskrá alþingis; — krafan frá landsprentsmiðjunni var 72 rd. 48 sk. hærrí heldur en hér segir, er forsetanum virtist um of eptir samningunum, og leitaði um uppgjöf á þeim hjá prentsmiðjustjórninni en ógjört er út um það mál enn í dag.

3) Að vísu er, eptir byrjun alþingis 1861, ávísað 12 rd. meira en hér segir; það var dagpeningaviðbót til varaþingmannsins úr Barðastrandarsýslu, fyrir það, að heimkoma hans af þingi 1859 hafði frestast 4 dögum lengur, sakir torfæra og forfalla, heldur en hann hafði ráðgjört í sérðakostnaðarreikningi sínum að þinglokum 1859; uppbótar þessarar krafðist hann ekki fyrr en hann kom aptur á þing 1861, og færði nægileg rök fyrir. En þessum sömu 12 rd. er sleppt hér, af því að þeir eru tillærðir í alþingiskostnaðarreikningnum 1859; sjá viðbætur aptan við alþingistiðindin 1861, 173 bls., 14. línu að ofan.

## II. Yfirlit yfir alþingiskostnaðinn 1863.

### 1. Fæðispeningar og ferðakostnaður alþingismanns.

	Fæðis-	Ferða-	Til sam-
	peningar.	kostnaður.	ans.
	rd.	rd. sk.	rd. sk.
<i>A. Konungkjörnir:</i>			
Helgi G. Thordersen, byskup . . . .	144	• •	144 •
Pétur Pétursson, Dr. og prófessor .	144	• •	144 •
Jón Pétursson, yfirdómari . . . .	144	• •	144 •
Jón Hjaltalín, Dr., landlæknir og jústizráð	144	• •	144 •
Benidikt Sveinsson, yfirdómari, vara- þingmaður . . . . .	150	4 •	154 •
<i>B. Þjóðkjörnir:</i>			
Stefán Eiríksson, hreppstjóri, þing- maður Austur-Skaptafellssýslu . .	231	125 24	356 24
Jón Guðmundsson, málaflutningsmaður við yfirdóminn, þingmaður Vestur- Skaptafellssýslu . . . . . 144 rd.			
Enn fremur dagpeningaviðbót fyrir forsetastörf, einkum við afgreiðslu allra þingmálanna til stjórnarinnar, 18. ágúst — 13. september . . . . . 81 —	225	• •	225 •
Brynjólfur Jónsson, prestur, þingmaður Vestmanna-eyja . . . . .	183	34 •	217 •
Páll Sigurðsson, hreppstjóri, þingmaður Rangæinga . . . . .	168	24 •	192 •
Magnús Andrèsson, sættanefndarmað- ur, þingmaður Árnessýslu . . . .	168	12 •	180 •
Helgi Hálfðánarson, prestur, varaþing- maður Kjósar- og Gullbringusýslu .	150	4 •	154 •
Halldór Kr. Friðriksson, skólakennari, þingmaður Reykjavíkurkaupstaðar .	144	• •	144 •
Arnþjótur Ólafsson, kandid., þingmaður Borgfirðinga . . . . .	177	45 •	222 •
Flyt	2172	248 24	2420 24

	Fæðis- peningar.	Ferða- kostnaður	Til sam- ans.
	rd.	rd. sk.	rd. sk.
Fluttir	2172	248 24	2420 24
Páll Melsteð, málaflutningsmaður við yfirðóminn, þingmaður Snæfellsnes- sýslu . . . . .	144	» »	144 »
Indriði Gíslason, hreppstjóri, varaþing- maður Dalasýslu . . . . .	183	48 »	231 »
Benidikt Þórðarson, prestur, varaþing- maður Barðastrandasýslu . . . . .	231	99 »	330 »
Ásgeir Einarsson, sættanefndarmaður, þingmaður Strandasýslu . . . . .	183	45 »	228 »
Jón Pálmason, hreppstjóri, varaþing- maður Húnavatnssýslu . . . . .	186	45 »	231 »
Gísli Brynjúlfsson, kandíd., þingmaður Skagfirðinga . . . . .	282	140 »	422 »
Stefán Jónsson, umboðsmaður, þing- maður Eysfirðinga . . . . .	198	72 »	270 »
Jón Sigurðsson, hreppstjóri á Gaut- löndum, þingmaður Suður-Þingeyj- arsýslu . . . . .	216	108 »	324 »
Sveinn Skúlason, kandíd. í Reykjavík, þingmaður Norður-Þingeyjarsýslu . . . . .	144	» »	144 »
Haldór Jónsson, prófastur á Hofi, þingmaður Norður-Múlasýslu . . . . .	252	207 »	459 »
Björn Pétursson, stúdent, þingmaður Suður-Múlasýslu . . . . .	297	175 »	472 »
alls	4488	1187 24 <sup>1</sup>	5675 24

## 2. Annar kostnaður:

Til innanþingsskrifara um þingtímann:

Haldór Melsteð, kandíd. . . . .	138 rd.
Ísleifur Einarsson, kandíd. . . . .	138 —
Eyjólfur Jónsson, kandíd. . . . .	93 —
Jón Hjaltalín, stud. Theol. . . . .	93 —
Flyt	462 rd.
	5675 24

1) Á alþingi 1863 var hvorki aðalþingmaður né varaþingmaður úr Ísafjarðar-  
sýslu né heldur úr Nýra- og Hnappadalssýslu.

	Til sam- ans.	rd. sk.
Fluttir 462 rd.		5675 24
Þorvaldur Jónsson, stud. medec. skrifari for- seta, dagpeningar 1. Júlí—21. Ágúst. . . . .	156 rd.	618 "
Til 2 þingsveina og annara sendiferða . . . . .		71 31
— dyravardarins fyrir þvott, húsgæzlu og ljós . . . . .		53 86
Fyrir atkvæðaskrár og niðurlagsatriði:		
prentun og pappír . . . . .	36 rd. 37 sk.	
próflestur . . . . .	13 — " —	49 37
— ritstörf við báðar þingbækurnar, og samanlestur . . . . .		422 26
— önnur ritstörf um og eptir þingtímann . . . . .		158 74
— ritföng . . . . .		110 57
— danska þýðingu á álitsskjölum og þingbókinni . . . . .		325 80
Til bókasafns þingsins:		
til bókaþaua . . . . .	100 rd.	
— bókavarðar 1863 og 1864 . . . . .	40 —	140 "
— útgáfu Alþingistiðindanna 1863 er þegar greitt:		
fyrir prentun og pappír . . . . .	1783 rd. 6 sk.	
— prófarkalestur . . . . .	164 — 12 —	
— hepting . . . . .	77 — 92 —	2025 14
Aukaútgjöld:		
Til bókaþaua handa Noregsmönnum, eptir fundar- ályktun 17. ágúst f. á . . . . .	36 rd.	
fyrir eptirlit og uppskrift á húsbúnaði og áhöld- um þingsins . . . . .	4 —	40 "
En fremur var ávísað (um þinglok 1863):		
alþingismanni Gísla Brynjúlfssyni, til uppbótar á ferða- kostnað hans til alþingis og þaðan 1859 og 1861 70 rd.		
alþingismanni Arnljóti Ólafssyni sömuleiðis til og frá alþingi 1859 . . . . .	35 —	105 <sup>1</sup> "
Er því nú þegar ávísað, . . . . . samtals		9795 46

1) Þingmenn þessir, sem þá áttu báðir heimili í Khöfn, kröfðust þegar í þinglok 1859, þessarar uppbótar og aptur að þinglokum 1861, sömuleiðis krafðist alþingismaður Isfrðinga, Jón Sigurðsson í Khöfn samkynja uppbótar fyrir ferðakostnað sinn 1859, og endurnýjaði þá kröfu 1861. En er forsetinn á þeim þingum hafði borið málefnið undir nokkra af þingmönnum, þóttu ekki þá fullnægjar ástæður til að ávísa tæðum þingmönnum frekar en gjört var. En þeir 2 þingmenn ánýjuðu enn kröfu sína á síðasta alþingi; átti forsetinn sem þá var, fund

Að vísu er nú prentun alþingistiðindanna 1863 að mestu lokið, svo að sjá má fyrir, hve mikill verði allur kostnaðurinn við útgáfu þeirra að þessu sinni, en hann mun vart fara fram úr 2400 rd. samtals, eður nál. 375 rd. fram yfir það sem þegar er búið að ávísá. Annar kostnaður, sem ekki er kominn í kring enn þá leiðir einkanlega af danskri þýðingu þingbókarinnar, því hún er eigi albuin enn þá, af störfum forseta frá 13. sept. f. á. og ýmsum ritstörfum unz öllum þingverkum er lokið, en þetta allt til samans mun vart fara fram úr 250—270 rd., og leiðir hær af, að alþingiskostnaðurinn 1863 fer vart fram úr 10,440 rd.

*Reykjavík, 6. febrúar 1864.*

um þetta mál utan þings, við nokkra þingmenn, og varð það ofan á, að krefjendunnum mætti ekki þar um synja. En þar sem þingmaður Borgfirðinga sigldi ekki til Hafnar aptur 1861, þó að hann kæmi þá þaðan á þing; en hafði þó krafzt og fengið þá ávísáðan ferðakostnað og dagpeninga til K hafnar (sbr. Viðb. við alp.tíð. 1861, neðanmálsgr. á 175—177 bls.) þá mun eigi hafa þótt, að honum bæri nein ferðakostnaðar uppbót fyrir það þing, heldur að eins fyrir þingið 1859 eður helmingurinn til móts við uppbót þá, er þingmaður Skagfirðinga fekk nú ávísáð, eptir því sem hær kemur fram. Þingmaður Ísfirðinga ánýaði ekki sína kröfu til síðasta alþingis, en eigi er ólíklegt, að svo verði gjört, er hann spyr þessi málalok.

## LEIÐRÉTTING.

Eptirfylgjandi tvö skjöl hefir gleymzt að setja inn í viðbæti tíðindanna á sínum stað, en í registrinu er vísað til þeirra.

**Andsvar** frá alþingi 1863 upp á bænarskrár úr Kjósar- og Gullbringusýslu um niðurskurð.

Landar góðir!

Þér, sem búid í Kjósarsýslu og í norðurhluta Gullbringusýslu, hafið nú sent alþingi tvær bænarskrár og 2 yfirlýsingar, er þér hafið samið á almennum hreppamótum, er sýna ljóslega, að þér eruð búnir að missa traust allt á lækningum, en viljið fúslega gjöra samtök að algjörðum niðurskurði, og í annan stað berið þér fram þá bæn yðar, að alþingi hlutist til um það, að kláðafaraldrinu verði útrýmt nú í haust komanda með almennum niðurskurði sauðfjárins í hinum sýktu og grunuðu héruðum.

Jafnhliða þessum bænarskrám yðar lagði stjórnin fyrir þingið frumvarp til tilskipunar um eptirlit lögrræglustjórnarinnar m. m. með fjárkláða og öðrum næmum fjárveikindum á Íslandi, og gengur frumvarpið allt í þá aðalstefnu, að eyða fjárfaraldrinu með lækningum eingöngu.

Tillögur yðar og frumvarp stjórnarinnar gengu þannig í gagnstæða átt hvort á móti öðru.

Þingið þarf nú eigi að skýra yður frá því, að hingað til hefir stjórnin jafnan framsýlt lækningum í máli þessu, og enn eru þær mergurinn í frumvarpi hennar nú til þingsins.

Þingið áleit því óráðlegt, að senda bænarskrá konungi vorum um lögskipaðan niðurskurð á sjúku og grunuðu fè, enda mundi slík bæn eigi hafa getað fengið áheyrn sízt svo snemma, að óskum yðar hefði orðið framgengt á þann hátt nú þegar í haust.

Þingið afræð því að fallast á, að frumvarp stjórnarinnar yrði gjört að lögum, svo fljótt sem unnt væri, en jafnframt þessu gjörði það ýmsar markverðar breytingar á frumvarpinu, er lútu að því að afstýra almennri hættu, er leitt gat af lækningareglum þeim, er frumvarpið fyrirskipaði, með því að hvergi var í frumvarpinu ákvarðað, hvað álíta skyldi veikt eða grunað fè, nè heldur settar neinær tryggjar reglur til að varna samgöngum fjárins. Þingið tekur það nú fram til bendingar fyrir almenning, að frumvarpið með breytingum þingsins byggir lækningareglu sína einkum á þeim fjór-um aðalatriðum: 1 að kjörnir skuli menn í hverri sveit lögreglu-

stjórninni til aðstoðar í lækningunum o. s. frv. móti hæfilegri borgum fyrir þau störf sín. 2. að tryggir verðir skuli skipaðir umhverfis hin sýktu og grunuðu hëruð eptir því sem þörf krefur og til hagar. 3. að kostnaðurinn af þessu og svo lækningunum verði mestmegnis greiddur af eigendum hins sjúka og grunaða fjár, og tekinn lög-taki eptir yfirvaldsurskurði, ef á þarf að halda, og 4. að sérhvert skeytingarleysi bæði af hálfu þeirra, er umsjón eiga að hafa með lækningunum, vörðum o. s. frv., og eins af hálfu fjáreigenda varði þungum sektum. Svo alþýða því betur geti sæð þetta og áttad sig á máli þessu að öðru leyti, lætur þingið með bréfi þessu fylgja frumvarp stjórnarinnar með þeim breytingum, sem þingið hefir á því gjört, og eins og það nú verður sent konungi til staðfestingar.

Þingið álitur nú að vísu, að með frumvarpi þessu, þegar það er að lögum gjört, muni takast að útrýma kláðanum algjörlega. En þó getur þingið ekki dulizt þess, að framkvæmd þessara laga hlýtur að hafa svo feyki-mikinn kostnað og lög-ábyrgð í för með sér fyrir almenning, að fyllsta ástæða er fyrir alla þá, er búa í hinum sýktu og grunuðu hëruðum, að skoða nákvæmlega huga sinn um það, hvort eigi muni hollara og kostnaðarminna að eyða sauðfè öllu í þessum hëruðum nú þegar í haust, heldur en bíða þess, að lögum þessum verði beitt á móti þeim.

Þingið gat nú, eins og áður er sagt, ekki tekið óskiryðar inn í bænarskrá sína til konungs, en í þess stað snýr það sér til yðar sjálfra fyrst og fremst, og allra annara, sem í hinum sýktu og grunuðu hëruðum búa, og skorar á yður, að þèr með almennum samtökum og bróðurlegum huga, sem bænarskrár yðar eru byggðar á, takið nú þegar hin vitrustu og heillavænlegustu ráð í þessu mjög áriðandi velferðarmáli yðar og landsins, og það því fremur, sem stjórnin hefir áður látið í ljósi, að hún eigi sæi ástæðu til að spyrna á móti slíkum almennum samtökum í máli þessu, eins og líka konungsfulltrúinn nú á þingi að eins lýsti efasemd sinni yfir því, að almennur félagsskapur til niðurskurðar gæti á komizt í haust, en taldi honum að öðru leyti ekkert annað til fyrirstöðu.

En um leið og þingið gefur yður, landar góðir, þessa bendingu, skal þess og getið, að fulltrúar Árnesinga, Þingeyinga, Eyfirðinga, Húnavetninga og Dalamanna lýstu því yfir á þingi, að bændum í hinum sjúku og grunuðu hëruðum stæði til boða nóg sauðfè með sanngjörnu verði í kjördæmum þeirra, jafnaskjótt sem þeir gjöreýddu fè sínu í tíma. Þess skal og getið, að menn geta nú í



í haust, eptir því sem þingmönnum er kunnugt, selt mikið sláturfé kaupmönnum hér í Reykjavík með fullkomnu verði, ef menn eru sèr út um það í tíma.

Þegar nú þingið lítur á þetta mál, eins og því nú er komið, virðast allar þær tálmanir burtu numdar, er hingað til hafa verið því til fyrirstöðu, að fjárkláðinn yrði upprættur úr landi voru, þar sem heityrði ádurtaðra þingmanna er borgun fyrir því, að lögum hins sjúka og grunada fjár ekki getur leitt til atvinnu- eður hjargræðismissis, á nokkurn hátt, heldur einmitt til þeirrar tryggingar á aðalatvinnuvegi Íslendinga, sem þeir hafa þráð nú í langan tíma.

Þingið lýsir yfir að lyktum því trausti sínu, að Íslendingar sýni nú drengskap sinn og viturleik, og beini samtaka áhuga þeim, er þeir hingað til hafa haft á þessu máli, í þá stefnu, sem þingið hefir vísað á, sjálfum sèr til sóma og ættjörðu vorri til ómetanlegs gagns og blessunar.

Reykjavík, 17. ágúst 1863.

*Halldór Jónsson. Benidikt Sveinsson.*

**Bréf** stiptysfirvaldanna 14. júlí 1863 til forseta alþingis 1863, um prentun alþingistiðindanna.

Herra alþingisforsetinn hefir í bréfi frá 11. þ. m. beðizt þess, að alþingistiðindin fyrir þetta alþing, og það annað, er það þarf að láta prenta, mátti fást prentað í stiptysprentsmiðjunni fyrir sem sanngjarnasta borgun, með hæfilegri hliðsjón af því, að prentsmiðjan fær hér í svo mikið verkefni, og hafiz þær tiltekið upplagsstærð þingtiðindanna til 600 expl., og vænt þess, að prentuninni verði hraðað sem mest og hún látin ganga fyrir öðru.

Vær skulum í þessu efni ekki láta hjá liða að svara, að vèr fyrir hönd prentsmiðjunnar viljum takast á hendur að láta prenta allt það, er alþingi er nauðsynlegt að láta prenta, og að hraða prentuninni sem mest, án þess þó algjörlega að útiloka sérhvað annað, einkum eitthvað smávegis, sem bráð þörf kynni vera á að prentað yrði, með eptirfylgjandi skilmálum:

1. Að prentsmiðjan fái fyrir setning og prentun á upplaginu, 606 expl., með sama lettri og broti sem að undanförmu fyrir hverja örð 12 rd.; en þá skal og handritið vera greinilega skrifað, og innihalda allt, sem til er ætlazt að prentað sè, svo engar breytingar komi í prófarkirnar; handritið skal og ávallt vera til reiðu, jafnskjótt og prentsmiðjan heimtar það.

2. Að prentsmiðjan fái fyrir pappírinn, »Median-Tryk Masse 1 a«, 40 rd. fyrir ballann, samt fyrir bókina af prófarkapappír, »Median-Post«, 32 sk., en 3 prófarkir reiknast til hvernar arkar af þing-tíðindunum.
  3. Hvað prentun snertir á atkvæðaskrár og öðru því, er þingið þarf að láta prenta auk tíðindanna, verður forseti að semja eða láta semja þar um sérstaklega við forstöðumann stiptsprentsmiðjunnar, í hvert skipti sem slíkt kemur fyrir. Sé eigi samið sem nú var sagt, hlýtur forseti að ávísa þá reikninga, sem fyrir slíka vinnu verða útgefnir, umtals- og afdráttarlaust; en jafnframt mun verða séð um, að slíkir reikningar verði svo sanngjarnir, sem framast er unnt af hálfu prentsmiðjunnar.
  4. Svo eigi verði tálmi á prentuninni, hlýtur forseti að annast eða láta annast um, að ekki standi á prófarkalestri. Til þess starfa þarf því æfðan mann, sem ætíð sé til taks og viðlátinn, lesi hina 1. prófark nákvæmlega, og sendi prentsmiðjunni hvert blað af henni jafnótt og hann hefir leiðrétt það; en lestri allra 3 prófarkar skal hann hafa lokið á 6 stundum samtals í mesta lagi.
  5. Sé hins framanskriafaða vandlega gætt, vill prentsmiðjan undir gangast að prenta 13—14 arkir tíðindanna á hverjum mánuði, úr því aukaprentun fyrir þingið er lokið, ef engin óvænt forföll, svo sem veikindi vinnumanna hennar eða því um líkt, koma fyrir.
  6. Ef breytt verður nokkru í handritinu, meðan á prófarkalestri stendur, verður þingið að láta borga slíkar breytingar á parti, eins og forstöðumaður metur þær.
  7. Forseti ávísi forstöðumanni prentsmiðjunnar borgun af jarðabókarsjóðnum fyrir það sem búið er að prenta, jafnskjótt og hann sendir reikning yfir það, og sömuleiðis andvirði þess pappírs, sem prentsmiðjan hefir úti látið, þegar reikningurinn er gefinn.
- Með því framanskriafaðar greinir eru samkvæmar því, sem að undanförmu hefir við gengizt og því, er prentsmiðjan sanngjarnlega á heimtingu á, þegar hún á að geta staðið í lofudum skilum, vonum vèr, að hinn heiðraði alþingisforseti gjöri þær ráðstafanir, að þeim verði nákvæmlega fylgt, svo að prentun tíðindanna geti nú þegar byrjað.

Stiptamtshúsi og skrifstofu byskups, 14. júlí 1863.

*Th. Jónassen, H. G. Thordersen.*

est.